

# SJÚKRALIÐINN

1. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR APRÍL 2005



## Gjörbylta réttindakerfi lífeyrissjóða

- sjá úttekt og viðtöl bls. 10-19



**Framkvæmdastjórn**  
**Sjúkraliðafélags Íslands (SLFI):**  
 Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður.  
 Kristín Ólafsdóttir, varaformaður.  
 Margrét Þóra Óladóttir, gjaldkeri.  
 Kristjana Guðjónsdóttir, ritari.

**Skrifstofa félagsins:**  
 Skrifstofa Sjúkraliðafélags Íslands er að Grensásvegi 16, 108 Reykjavík.  
 Sími 553 9493 eða 553 9494.  
 Símaþrá, fax 553 9492.  
 Heimasíða félagsins er [www.slfi.is](http://www.slfi.is)  
 Skrifstofan er opin mánudaga til föstudaga frá kl. 09:00 til 17:00.  
 Starfsfólk félagsins annast alla almenna skrifstofuþjónustu, upplýsingamiðlun tulkun kjarasamninga og erindrekstur fyrir félagið og félagsmenn.  
 Skrifstofan sér um sjóði félagsins svo sem félagssjóð, orlofsjóð, Minningar- og styrktarsjóð, Fræðslusjóðinn Framför, Vinnudeilu- og verkfallssjóð auk þess sem hún afgreiðir erindi Starfsmenntunarsjóðs BSRB og Styrktarsjóðs BSRB. Ennfremur sér skrifstofan um úthlutun á orlofsíbúð og orlofshúsum félagsins í umboði Orlofsnefndar.

**Starfsfólk á skrifstofu**  
**Sjúkraliðafélags Íslands**  
 Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður,  
 netfang: [kristin@slfi.is](mailto:kristin@slfi.is)  
 Gunnar Gunnarsson,  
 framkvæmdastjóri,  
 netfang: [gunnar@slfi.is](mailto:gunnar@slfi.is)  
 Birna Ólafsdóttir, skrifstofustjóri,  
 netfang: [birna@slfi.is](mailto:birna@slfi.is)  
 Margrét Tómasdóttir, bókarí,  
 netfang: [margret@slfi.is](mailto:margret@slfi.is)

**Sjúkraliðinn:**  
 Sjúkraliðinn er gefinn út af Sjúkraliðafélagi Íslands í 2.700 eintökum.

**Ábyrgðarmaður:**  
 Kristín Á. Guðmundsdóttir

**Ritnefnd:**  
 Linda Gustafson, Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði, Edda Sjöfn Smáradóttir, Vífilstöðum og Sif Eiðsdóttir, Vífilstöðum

**Um sjón:**  
 Gunnar Gunnarsson

**Prentvinnsla og umbrot:**  
 Stafræna prentsmiðjan ehf,  
 Bæjarhrauni 22, Hafnarfirði

# Opna nýja leið til réttindanáms

Sjúkraliðafélag Íslands telur brýna nauðsyn að opna námsleið til réttindanáms fyrir fullorðna starfsmenn sem hafa aflað sér tiltekinnar starfsreynslu við umönnun og aðhlyningu en skortir fagmenntun. Félagið hefur farið þess á leit við menntamálaráðuneytið að það geri allt sem í þess valdi stendur til að verða við þeirri kröfu að námsmöguleiki þessa tiltekna hóps launþega til réttindanáms verði aukinn og endurbættur.

Í bréfi sem Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélagsins, sendi ráðuneytinu er minnt á að framkvæmdastjórn og fulltrúaðing Sjúkraliðafélags Íslands hafi „um árabíl lagt á það áherslu að þeir aðilar er málið varðar beittu sér í sameiningu fyrir námi fyrir starfsmenn sem starfað hafa um tiltekinn tíma í heilbrigðisþjónustu við aðhlyningu og hjúkrun. Félagið hefur ítrekað lagt til að starfsfólk í öldrunarþjónustu, sem fullnægði settum skilyrðum, fengi tækifæri til að afla sér starfsréttinda sem sjúkraliði með námi sem skipulagt yrði með tilliti til aldurs, menntunar og starfsreynslu þeirra einstaklinga sem málið varðar.“

## Sameiginleg niðurstaða

Á fundi sem boðað var til af hálfu Sjúkraliðafélags Íslands 8. febrúar síðastliðinn var erindi félagsins tekið fyrir og hugmyndir þess ræddar. Fundinn sóttu Ragnheiður Haraldsdóttir, skrifstofustjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Vilborg Ingólfssdóttir, framkvæmdastjóri gæða- og heilsvendardarviðs Landlækniseimbættisins, Svava Þorkelsdóttir, formaður Starfsgreinaráðs heilbrigðis- og félagsþjónustugreina, og Birna Ólafsdóttir, ritari Starfsgreinaráðsins, Guðbjörg Pálsdóttir, aðstoðarhjúkrunarforstjóri Landspítala háskólasjúkrahúss og Guðrún Hildur Ragnarsdóttir, Heilbrigðisskólannum við Ármúla. Karl Kristjánsson, skrifstofustjóri menntamálaráðuneytisins, forfallaðist á síðustu stundu.

Það var samdóma niðurstaða fundarins að vegna þróunar í aldurssamsetningu og heilbrigði þjóðarinnar væri aukin þörf fyrir fjölgun í hjúkrunarstéttunum, og því brýnt að opna námsleið til réttindanáms fyrir fyrrgreinda starfsmenn sem hafa aflað sér tiltekinnar starfsreynslu við umönnun og aðhlyningu.

## Endurskoða vaktavinnu

Samkomulag hefur náðst á milli Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Bandalags háskólanna og ríkisins um endurskoðun á starfsskilyrðum vaktavinnufólks. Markmiðið er að bæta vinnufyrirkomulag þessara starfsmanna. Í vinnuhópnum verða fjórir fulltrúar BSRB og BHM og fjórir fulltrúar fjármálaráðherra. Niðurstöður eiga að liggja fyrir innan 18 mánaða.

Þetta samkomulag er árangur af viðræðum sem fram hafa farið á vegum heildarsamtaka opinberra starfsmanna við fulltrúa ríkisins síðustu mánuði um ýmis sameiginleg hagsmunamál ríkisstarfsmanna.

Í yfirlýsingu um skipun vinnuhópsins segir meðal annars:

„Aðilar eru sammála um að fara í gagn-

gera endurskoðun á málefnum vaktavinnustarfsmanna með það að markmiði að bæta vinnufyrirkomulag þeirra og gera vaktavinnuna eftirsóknarverðari. Sérstaklega skal skoða kjör og lengd vinnutíma.

Rannsóknir benda til þess að vaktavinna sé meira slítandi en annað fyrirkomulag vinnu og þá er sífellt erfiðara að manna nætur-, helgar- og stórhátíðarvaktir á stofnunum. Finna þarf leiðir til þess að mæta þessum erfiðleikum með hag starfsmanna og stofnana fyrir augum.“

Þegar vinnuhópurinn hefur lokið störfum eiga samningsaðilarnir að taka afstöðu til niðurstaðnanna og ákveða hvenær og með hvaða hætti þeim tillögum sem samstaða næst um verði hrint í framkvæmd.



<b>Á DAGSKRÁ</b>	<b>2</b>
- Opna nýja leið til réttindanáms	
- Endurskoða vaktavinnuna	
<b>FORMANNSPISTILL</b>	<b>3</b>
- Baráttan framundan	
<b>KJARAMÁL</b>	<b>4-6</b>
- Launajafnrétti karla- og kvennastétta	
- Bætur slysatrygginga hækka	
- Slysabætur 25-30 milljónir á ári	
- Stefna skal launagreiðanda	
<b>STUTTFRÉTTIR</b>	<b>7</b>
- Kynning á námi og starfi sjúkraliða	
- Vorferð eftirlaunapega	
<b>MENNTAMÁL</b>	<b>7</b>
- Allir hafa fengið verknámspláss	
- Námskeið Framvegis	
<b>RITGERÐ SJÚKRALIÐA</b>	<b>8-9</b>
- Proski byggist í dyggðugu líferni	
<b>SJÓÐIRNIR</b>	<b>10-19</b>
- Lífeyrissjóðir skerða réttindi	
- Gjörbylting á réttindakerfinu	
- Aldurstenging er vanreifað mál	
- Íslendingar lifa lengur og lengur	
- Örorcan: Vilja þrengja reglurnar	
- Örorcan: Geðraskanir helsta orsök	
- Örorca tengist atvinnuleysi	
- Eignir sjóðanna nálgast þúsund milljarða	
<b>VINNUSTAÐURINN</b>	<b>20-27</b>
- HSS í mikilli sókn	
- Stolt af starfsfólkinu á Garðvangi	
- Heimilisleg dagdvöl í Reykjanesbæ	
- 25 vistmenn í Víðihlíð	
<b>BRÉFASKASSINN</b>	<b>28</b>
- Fyrirkomulag fæðingarorlofs	
<b>ORLOFSMÁL</b>	<b>29-37</b>
- Sumardvöl á níu stöðum	
- Leigugjöld og reglur í sumar	
- Enn lausar vikur á Spáni	
- Nýtt raðhús á Akureyri	
- Sumarhús/íbúðir í öllum landshlutum	
- Búnaður sumarhúsanna	
- Ódýrir gistimiðar á Eddu-hótelum	
- Tjaldvagnar til leigu	
- Hvaða rétt átt þú til orlofs?	
- Reglur um orlofspunkta félagsmanna	
- Orlofsheimilásjóðurinn	
<b>HEILBRIGÐISKERFIÐ</b>	<b>38</b>
- Hjúkrunarrými kostar 5 milljónir á ári	
<b>FÉLAGSLÍF</b>	<b>39</b>
- Nemar í heimsókn	
<b>AUGLÝSINGAR</b>	<b>40</b>
- Sumarferðir	

**FORSÍÐUMYNDIN**  
Hressir sjúkraliðar á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja í Reykjanesbæ. Nánar er fjallað um fjóra vinnustaði sjúkraliða á Suðurnesjum í blaðinu. Mynd: EJ

# Baráttan framundan



Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, skrifar.

## Ríkið telur sig ekki bundið af samningum

Kjarasamningar félagsins runnu út í lok nóvember síðastliðinn. Af hálfu samninganefndar ríkisins var fljótlega boðað til fyrsta samningafundar við Sjúkraliðafélag Íslands. Á þeim fundi gerði samninganefnd félagsins ríkinu grein fyrir því að erfitt yrði að hefja viðræður um nýjan kjarasamning á meðan ekki hefði verið staðið við síðasta kjarasamning félagsins við ríkið. Bent var á að enn stæði þrennt útaf í þeim málum. Nokkrar stofnanir ríkisins hefðu ekki hækkað laun sjúkraliða í samræmi við umsamdar hækkanir. Ekki hefði verið staðið við það af hálfu heilbrigðisráðherra að skipa nefnd sem fjalla á um framtíðarstöðu sjúkraliða í íslenska heilbrigðiskerfinu. Og enn vantaði á að ríkið hefði greitt til félagsins umsamdar fjárhæðir til menntunar sjúkraliða, til starfsþróunarsjóds og fræðsluseturs. Fram kom í máli samningamanna ríkisins að slíkt kæmi þeim ekki lengur við þar sem kjarasamningurinn væri þegar útrunninn. Þessum viðhorfum var harðlega mótmælt og félagið hefur á gefnu tilefni falið lögmonnum sínum að stefna ríkinu fyrir vanefndir á kjarasamningi.

## Nýtt kjarasamningsumhverfi

Flest félög opinberra starfsmanna hafa samið við ríkið um laun og önnur starfskjör. Þar er um að ræða verulegar grundvallarbreytingar á samningum, sérstaklega á kjarasamningi háskólanna, auk þess sem félögin sömdu um svokallað „baksleikjuviðbit“ sem félögin mótmæltu þó harðlega á sínum tíma þegar fjármálaráðuneytið vakti fyrst máls á hugmyndinni. Meginrökin fyrir þeim mótmælum eru í fullu gildi enn í dag, það er að slíkar geðþóttaúthlutanir til starfsmanna yrðu til þess eins að skapa erfíðleika á vinnustað. Maður getur líka spurt sig til hvers sé verið að semja um slíkt ákvæði þegar vitað er að því eiga ekki að fylgja neinir fjármunir við útreikning á kostnaði kjarasamningsins.

BSRB samdi um óbreytt launakerfi en BHM um launastiga án aldursákvæða og verulegar grunnkaupshækkanir fyrir stéttir í heilbrigðisþjónustu innan sinna vébanda. En kálið er ekki sopið þótt í ausuna sé komið því samningur BHM um nýtt launakerfi kemur ekki til framkvæmda fyrr en um mitt næsta ár, að því tilskyldu að þá hafi tekist að semja um samræmdan stofnanasamning fyrir öll félögin innan bandalagsins.

Samninganefnd Sjúkraliðafélagsins hefur þegar komið saman og farið yfir þessar breytingar. Við blasir að í þessu nýja umhverfi liggur vandi nefndarinnar. Félagslega og metnaðarlega getur hún ekki sætt sig við að kjör stéttarinnar fylgi ekki kjörum annarra heilbrigðisstétta, enda hefur félagið á undanförunum árum haft það að markmiði að ná kjörum félagsmanna sinna upp úr þeim skammarlegu lágu launum sem ríkjandi voru fram til þess að stéttafélagið var stofnað árið 1992.

Samninganefndin tekur undir þá kröfu að laun karla og kvenna skuli jöfnuð og vísar til rannsóknar sem staðfestir 17% launamun karla og kvenna í sambærilegum störfum. Það er staðreynd, sem samninganefnd félagsins telur óásættanlega.

Sjúkraliðafélagið mun aldrei samþykkja að kjör stéttarinnar dragist aftur úr öðrum fagstéttum frá því sem náðist í síðustu kjarasamningum, enda var félagið þá ekki búið að ná nema hluta af lokatakmarki sínu, sem er að starf sjúkraliða verði verðlagt til jafns við karlastéttir í þjónustu hjá ríkinu.

*Sjúkraliðafélagið mun aldrei samþykkja að kjör stéttarinnar dragist aftur úr öðrum fagstéttum, enda er lokatakmarkið að starf sjúkraliða verði verðlagt til jafns við karlastéttir í þjónustu hjá ríkinu.*

# Launajafnrétti karla- og kvennastétta

„Ég hef mikinn skilning á því að sjúkraliðar séu óhressir með hversu lítið hefur miðað áfram í samningamálum okkar við ríkið. En sjúkraliðar eru ekki óvanir því að vera settir til hliðar af ríkisvaldinu. Það virðist vera ótrúlega erfitt fyrir ríkið að gera upp við sig hvaða sess þessi sjálfstæða stétt ríkisstarfsmanna eigi að hafa innan opinberra launakerfisins. Þess vegna höfum við þurft að berjast af mikilli hörku fyrir hverjum einasta áfanga sem við höfum náð í kjara- og réttindamálum okkar,” segir Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands.

Samninganefnd Sjúkraliðafélags Íslands hefur að undanförnu farið ræki-lega ofan í saumana á þeim kjarasamningum sem aðrar stéttir opinberra starfsmanna hafa gert við ríkisvaldið síðustu vikurnar. Gunnar Gunnarsson, hagfræðingur, hefur verið ráðinn nefndinni til aðstoðar við kjarasamningagerðina.

Meðal þeirra stéttarfélaganna sem gert hafa nýja samninga við ríkið á síðustu vikum og mánuðum eru öll félögin innan Bandalags háskólamanna (BHM), Starfsmannafélag ríkisstofnana (SFR) og nokkur fleiri félög innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja (BSRB), og stéttarfélag framhaldsskólakennara.

Þessir nýju samningar eru um margt ólíkir. Þar munar mestu að 24 félög innan BHM sömdu um nýtt launakerfi sem taka á gildi eftir rúmt ár, það er 1. maí árið 2006, en SFR og nokkur önnur BSRB-félög, og Félag íslenskra náttúrufræðinga, byggðu sína samninga á gamla launakerfinu.

## Mismiklar hækkanir

Gunnar Gunnarsson, hagfræðingur, kynnti samninganefndinni þær niðurstöður sem fyrir liggja um hvaða heildarhækkanir felast í nýgerðum samningum hinna ýmsu hópa opinberra starfsmanna.

Kjarasamningur SFR skilar félagsmönnum 17.02% launahækkun á samn-



Gunnar Gunnarsson, hagfræðingur, hefur verið ráðinn til að vinna með samninganefnd Sjúkraliðafélags Íslands við gerð nýrra kjarasamninga. Hér býður Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður félagsins, Gunnar velkominn til starfa.

ingstímanum, sem er til loka apríl árið 2008, en er metinn af félaginu á 18% þegar allt er tekið til. Launastiginn er óbreyttur frá fyrri samningum og aldurs-hækkanir eru inni eins og áður. Flugmálastarfsmenn, starfsmenn stjórnarráðsins, Kjölur og samflot sex bæjarstarfsmannafélaga hafa samið á svipuðum nótum og SFR.

Heildarhækkanir samkvæmt BHM-samningnum er 19.85% á samningstímanum. Þar er öllum stéttarfélögum tryggð 15% hækkun, en sum félög sem


áður voru með lægri laun fá meiri hækk-anir. Það eru einkum kvennastéttir sem hækka mest og samningurinn því talinn áfangi á leið til launajafnréttis kynjanna. Ný launatafla á að taka gildi á næsta ári, en samningsaðilar eiga alveg eftir að semja um hvernig hún komi út fyrir félögin og félagsmenn.

Félag íslenskra náttúrufræðinga samdi um 17% hækkun á samningstímanum.

## Krafa um launajafnrétti

„Við í samninganefndinni höfum verið að meta stöðuna út frá þessum ólíku samningum og skoða hvaða leiðir komi best út fyrir sjúkraliðastéttina,” segir Kristín. „Samninganefndin gengur að sjálfsgöðu út frá þeim áfangasigri sem náðist í síðustu kjarasamningum sjúkraliða, það er að sjúkraliðar hafi að minnsta kosti 80% af launum hjúkrunarfræðinga í almennum hjúkrunarstörfum. Það er hins vegar enn spurning í okkar huga hvort sá launamunur sé ekki of mikill, enda sjáum við að á Norðurlöndum er alls ekki slíkur launamunur á milli þessara stétta.

## Heildarhækkanir á samningstímanum



## KJARAMÁL

Af okkar hálfu er það líka enn sem fyrr grundvallaratriði að ná fram raunverulegu launajafnrétti á milli karla- og kvennastétta. Þess vegna horfum við líka til samburðar við raunlaun iðnaðarstétta. Það er alveg augljóst að í þeim samningi sem BHM gerði við ríkið er verið að rétta hlut kvenna, og sú niðurstaða styrkir enn frekar kröfur okkar um launajafnrétti kynjanna.”

## Óafgreidd mál

Á samningafundi sem Sjúkraliðafélagið átti með fulltrúum ríkisins fyrir áramót kom skýrt fram að sjúkraliðar gætu ekki farið í alvöru viðræður um nýjan samning fyrir en ríkið væri búið að standa að öllu leyti við eldri samninginn. Fyrir mikinn þrýsting frá félaginu, og með aðstoð lögmannna félagsins, hefur nokkuð mjakast í rétta átt varðandi sum þessara mála, en þau eru ekki enn komin í endanlega höfn.

„Undarlegast er þó að heilbrigðisráðherra hefur ekki enn skipað nefnd til að skoða stöðu sjúkraliða í heilbrigðiskerfi framtíðarinnar. Um þetta var samið í síðustu samningum, og ráðherra hefur margsinnis lofað okkur að skipa nefndina og beðist afsökunar á þessum óeðlilega drætti, en samt hefur nefndin ekki enn séð dagsins ljós.

En eins og staðan er í dag þurfum við að meta þá samninga sem aðrir hafa gert og taka næstu skref út frá þeim grunni. Þar stöndum við frammi fyrir þeirri staðreynd að það er gífurlegur munur á samningum BSRB-félaganna og BHM-félaganna. BSRB, sem við tilheyrum, var að gera allt öðruvísi samning en BHM, en við verðum að meta það sjálfstætt hvor leiðin hentar best hagsmunum sjúkraliðastéttarinnar,” segir Kristín.

## Upphafshækkanir í nýjum kjarasamningum við ríkið

STÉTTARFÉLAG	Hækkun í prósentum
SFR - Stéttarfélag í almannajónustu	3,25%
Félag flugmálastarfsmanna ríkisins	3,25%
Samflot bæjarstarfsmannafélaga	3,25%
Kjölur	3,25%
Félag starfsmanna stjórnarráðsins	3,25%
Starfsmannafélag ríkisútvarpsins	3,25%
Stéttarfélag háskólamanna á matvæla- og næringasviði	4,50%
Félag íslenskra fræða	4,50%
Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga	4,50%
Leikarfélag Íslands	4,50%
Félag íslenskra náttúrufræðinga	4,50%
Iðjupjálfafélag Íslands	4,50%
Stéttarfélag sjúkrahjálfa	4,50%
Félag íslenskra félagsvísindamanna	4,50%
Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga	4,50%
Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa	4,50%
Félag háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins	4,50%
Dýralæknafélag	4,50%
Stéttarfélag sálfræðinga á Íslands	4,50%
Stéttarfélag lögfræðinga	4,70%
Útgarður	5,30%
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga	5,41%
Ljósmeðrafélag Íslands	5,41%
Félag háskólakennara	5,96%
Félag fréttamanna	6,83%
Félag framhaldsskólakennara	7,07%
Félag geislafræðinga	7,13%
Meinataeknafélag Íslands	8,27%
Þroskajálfafélag Íslands	11,77%

Á þessu yfirliti eru sýndar upphafshækkanir á launum einstakra stéttarféлага samkvæmt þeim nýju samningum sem félög innan BHM og BSRB hafa gert. Eins og sjá má eru hækkanir mismiklar eftir félögum.

## Stefna skal launagreiðanda

**Heilbrigðisstarfsmenn sem verða fyrir skaða við störf sín vegna sjúklunga sem bera takmarkaða eða enga ábyrgð á gerðum sínum, hafa hingað til þurft að gera skaðabótakröfur á hendur viðkomandi einstaklingum.**

Nú hefur náðst samkomulag við ríkið, Reykjavíkurborg og sveitarfélögin um að stefna beri launagreiðanda í staðinn.

Í bókun sem sjúkraliðar eiga aðild að í gegnum Bandalag starfsmanna ríkis

og bæja segir meðal annars: „Til að auðvelda starfsmönnum að koma fram með kröfur sínar eru aðilar sammála um eftirfarandi:

Starfsmaður sem í starfi sínu sinnir einstaklingi sem að takmörkuðu eða jafnvel engu leyti getur borið

ábyrgð á gerðum sínum á rétt á að beina skaðabótakröfu sinni vegna líkams- eða munatjóns að launagreiðanda. Við mat og uppgjör kröfunnar gilda almennar reglur skaðabótaréttarins.”



# Bætur slysa-trygginga hækka

- samkvæmt samningi við ríkið og sveitarfélögin

Samið hefur verið við ríki, Reykjavíkurborg og sveitarfélögin um að hækka bætur í samningsbundnum slysatryggingum stéttarfélaganna opinberra starfsmanna. Hækkunin tók gildi frá og með síðustu áramótum. Sjúkraliðafélags Íslands er eitt þeirra félaga sem standa að þessu samkomulagi.

Samkvæmt samkomulaginu skulu starfsmenn "slysatryggðir allan sólarhringinn fyrir dauða eða vegna varanlegrar örorku. Um trygginguna gilda mismunandi bótafjárhæðir og tryggingaskilmálar eftir því hvort starfsmaður verður fyrir slysi í starfi eða utan starfs."

## Dánarslysabætur

Dánarslysabætur eru mismunandi eftir fjölskyldustöðu þess sem verður fyrir slysinu, nánar tiltekið sem hér segir:

1. Bæturnar eru 523.500 krónur ef hinn látni var ógiftur og lætur ekki eftir sig barn undir 18 ára aldri og hefur ekki séð fyrir foreldri eða foreldrum, 67 ára og eldri.

2. Hafi hinn látni verið ógiftur en lætur eftir sig barn eða börn undir 18 ára aldri, og/eða hefur sannanlega séð fyrir foreldri eða foreldrum 67 ára og eldri, þá eru dánarslysabætur 1.603.600 þúsund vegna slyss utan starfs en 3.833.280 krónur vegna slyss í starfi.
3. Hafi hinn látni verið í hjúskap eða í sambúð sem að öðru leyti má jafna til hjúskapar og sem staðið hefur að minnsta kosti í 2 ár samfelld fyrir andlát hans, skulu bætur til maka eða sambúðaraðila vera 2.193.700 krónur vegna slyss utan starfs, en 6.255.270 krónur vegna slyss í starfi.
4. Ef hinn látni lætur eftir sig barn undir 18 ára aldri skulu bætur til hvers barns vera 523.500 krónur vegna slyss utan starfs en 1.251.000 krónur vegna slyss í starfi. Stundi barn hins látna á aldrinum 18-25 ára nám á framhaldsskólastigi eða háskólastigi í að minnsta kosti sex mánuði ársins sem hinn tryggði andast, á það sama rétt til bóta.

## Varanleg örorka

Samkvæmt samkomulaginu verða bætur vegna varanlegrar örorku 4.216.900 krónur vegna slyss utan starfs en 11.125.439 vegna slyss í starfi. Bæturnar greiðist í hlutfalli við tryggingarfjárhæðirnar, þó þannig að hvert örorkustig frá 26-50% vegur tvöfalt og hvert örorkustig frá 51-100% vegur þrefalt.

## Miðast við vísitölu neysluverðs

Rétt er að taka fram að framangreindar tryggingarfjárhæðir miðast við vísitölu neysluverðs eins og hún var í nóvember árið 2004, það er 237,9 stig. Bæturnar hækka í samræmi við hækkun þessarar vísitölu, sem er reiknuð út mánaðarlega, og eru því nú í apríl eitthvað hærri en fram kemur hér að framan.

Eins er rétt að benda á að bætur miðast við þann tíma þegar slys varð/verður. Þessi nýumsamda hækkun gildir því aðeins um þau slys sem urðu/verða eftir síðustu áramót.

## Slysabætur á ári 25-30 milljónir

Íslensk stéttarfélög, þar á meðal Sjúkraliðafélag Íslands, hafa um árabíl samið um slysatryggingar sem hluta af kjarasamningum félagsmanna. Þessar tryggingar koma til viðbótar við slysabætur almannatryggingakerfisins og slysatrygginga sem hver einstaklingur kann að hafa samið um við tryggingafélögin.

Fjármálaráðuneytið hefur tekið saman yfirlit um greiddar slysabætur fyrir árin 2002 til 2004 samkvæmt samningum opinberra starfsmanna við ríkið. Niðurstaðan bendir til þess að margir þeir sem lenda í slysum hafi ekki áttáð sig á að sækja rétt sinn samkvæmt kjarasamningum.

Árið 2002 voru alls greiddar ríflega 26 milljónir króna í slysabætur vegna 48 einstaklinga. Bæturnar skiptust nokkurn veg-

### Greiddar slysabætur



Yfirlit um greiddar slysabætur samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna og ríkisins á árunum 2002-2004. Tölurnar fyrir síðastliðið ár ná yfir fyrstu tíu mánuðina.

inn til helminga milli slysa í vinnutíma og slysa utan starfs.

Árið 2003 voru greiddar tæpar 30 milljónir króna vegna 63 slysa, þar af tæpar 18 milljónir vegna slysa í vinnutímanum.

Á fyrstu tíu mánuðum ársins 2004 voru greiddar rúmar 26 milljónir króna vegna 50 slysa, þar af tæpar 18 milljónir vegna slysa í vinnutímanum.

## Munið rétt ykkar !

Full ástæða er til að minna sjúkraliða á samningsbundinn rétt þeirra í þessu efni. Þeir sem lenda í slysum, hvort sem er í eða utan vinnutíma, eiga rétt á bótum samkvæmt gildandi kjarasamningum félagsins valdi slysið viðkomandi einstaklingi varanlegri örorku eða dauða.




Með nýja bæklingnum er verið að hvetja ungt fólk til að hefja nám á sjúkraliðabrautum framhaldsskólanna.

## Kynning á starfi sjúkraliða

Sjúkraliðafélag Íslands hefur látið gera myndskreyttan bækling þar sem ungu fólk er kynnt nám og starf sjúkraliða. Útgáfan er liður í þeirri viðleitni að laða ungt fólk að sjúkraliðanámi, enda brýn þörf fyrir fleiri sjúkraliða.

Bæklingnum var dreift til allra þeirra sem kveðja grunnskólann nú í vor og þurfa að taka ákvörðun um frekara nám. Gefnar eru upplýsingar um hvaða námsmöguleikar eru í boði í framhaldsskólum landsins, en einnig fjallað um eðli sjúkraliðastarfsins. Guðjón Davíð Jónsson hannaði bæklinginn.



Forsíða bæklingins.

## Vorferð eftir-launafélaga

Orlofsnefnd Sjúkraliðafélags Íslands kynnti félagsmönnum í Eftir-launadeild félagsins kost á vorferð til Benidorm/Albír á Spáni eða til Kanaríeyja með Sumarferðum.

Verði var stillt í hóf, en að auki ákváð nefndin að styrkja þá félagsmenn sem vildu nýta sér tilboðið með tíu þúsund króna styrk. Sjö félagsmenn ákváðu að nýta sér þetta góða boð.



Í desember næstkomandi eiga fjórtíu sjúkraliðar að ljúka sérnámi í hjúkrun aldraðra, og bætast þar með í hóp þeirra 33 sem þegar hafa lokið náminu. Mynd: EJ

# Allir fengið verknámspláss

„Það hefur tekist að útvega öllum sjúkraliðum í sérnámi í hjúkrun aldraðra launað verknámspláss í vor og sumar, en því er ekki að leynd að það tók of langan tíma, þótt ég hafi víðast orðið vör við velvild og áhuga hjá hjúkrunarforstjórum vegna þessa náms.“ segir Guðrún Hildur Ragnarsdóttir, kennslustjóri við Fjölbrotarskólann í Ármúla.

Hún segir að margar stofnanir virðist ekki vera búnar að móta sér stefnu um hvernig þær hygðast nýta sjúkraliða sem ljúka sérnáminu, og þess vegna sé brýnt að heilbrigðisvöld geri það í samráði við stofnanir, skólann og Sjúkraliðafélagið.

## Fjórtíu eiga að útskrifast í desember

„Brýnt er að gera samning um námsstöður við stofnanir, og stofnanir sem heimila sjúkraliðum að fara í námið verða að vera til-

búnar til þess að taka sjúkraliða í launað verknám,“ segir Guðrún Hildur.

Í desember síðastliðnum útskrifuðust 11 sjúkraliðar úr sérnámi og hafa þá alls 33 sjúkraliðar útskrifast úr þessu tveggja anna sérnámi í öldrunarhjúkrun, þeir fyrstu árið 2002. Að öllu óbreyttu munu 40 sjúkraliðar útskrifast úr náminu í desember næstkomandi, þar af 24 sem stundað hafa námið á fjórum önnum í fjarnámi um fjarfundabúnað og 16 sjúkraliðar sem hófu nám í janúar á þessu ári.

Guðrún Hildur segir að sérnámið sé alltaf að þróast í samræmi við fengna reynslu.

„Röðun áfanga á annir hefur verið breytt og nú liggur fyrir að breyta vægi einstakra greina, auka vægi sumra en minnka vægi annarra, og hef ég þegar rætt það við Sjúkraliðafélagið og einstaka útskrifaða nemendur. Vonandi verða þær breytingar komnar í gegn á næsta ári,“ segir hún.

## Námskeið Framvegis

Sjúkraliðafélag Íslands lagði fram um síðustu áramót aukid fé til Framvegis, sem er sjálfseignarstofnun og miðstöð um símenntun. Framvegis vinnur að fræðslumálum og símenntun í náinni samvinnu við Fjölbrotarskólann við Ármúla og Sjúkraliðafélagið.

Námsframboð Framvegis fer vaxandi ár frá ári. Aðsókn að námskeiðunum eykst

einnig jafnt og þétt. Á vorönn er meðal annars boðið upp á tvö ný námskeið sem sérstaklega eru ætluð sjúkraliðum. Kennarar og leiðbeinendur á vegum Framvegis eru að jafnaði 70-80 talsins á hverri önn. Hægt er að kynna sér öll námskeiðin á heimasíðu stofnunarinnar: [www.framvegis.is](http://www.framvegis.is)

# Þroski birtist í dyggðugu líferni

Ekki eru allir á eitt sáttir um hvað orðið heilbrigði merkir. Sumir sjá fyrir sér trimmarann hlaupa mäsandi og blásandi. Aðrir fara að hugsa um heilsufæði, ferskt loft og grænmeti. Menning og tíðarandi móta þessar hugsanir okkar. Heilsa er afstætt hugtak, hvaða merkingar við leggjum í hugtakið.

Hvaða skilyrði þurfa að vera fyrir hendi til að við getum fullyrt að okkur líði vel? Svörin eru margbreytileg. Sumir ganga bjartsýnir og ákveðnir til móts við lífið, og kvarta sjaldan þrátt fyrir vandamál og erfiðleika. Aðrir eru oft óánægðir með ýmislegt sem virðast smámunir í augum annarra. Hvað við teljum góða heilsu breytist líka með aldrinum.

Heilbrigði, heilsa og dyggð er það sem ég ætla að velta svolítið fyrir mér og koma því niður á blað í stuttu máli.

## Heilbrigði

Mismunandi túlkun er á heilbrigði og hvað það er að vera heilbrigður. Ég held að það sé mjög einstaklingsbundið og flókið að túlka orðið heilbrigði og hefur það verið margtúlkað síðustu hálfu öld, en ég held að við séum búin að komast að einni setningu sem gildir um heilbrigði í nútímanum sem er:

**Að standast eða geta aðlagast sig ytra eða innra álagi.**

Með innra álagi er átt við það andlega sem býr í okkur, að við séum nógu sterk andlega til að takast á við ytra álag.

En hvernig spila saman heilbrigði og sjúkdómar? Hvernær er maður veikur? Margir telja, og sérstaklega eldra fólk, að það þurfi að vera eitthvað mælanlegt til þess að fólk teljist hafa sjúkdóm, t.d. að það sé ekki nóg að persóna þjáist af svo miklum kvíða að hann geti ekki starfað í eðlilegu



Marnhild Hilma Kambseinni

umhverfi, einungis vegna þess að kvíða er ekki hægt að mæla. En í dag er auðvitað búið að setja kvíða undir flokk sjúkdóms sem heitir geðsjúkdómur. Sjúkdómar skiptast í huglæga og hlutlæga sjúkdóma, huglægir eru þeir sem ekki eru mælanlegir t.d. með röntgenmyndum eða blóðprufum, en hlutlægir aftur á móti þeir sem hægt er að mæla.

„Heilbrigði er miklu meira en það að vera laus við sjúkdómseinkenni. Heilbrigði er að vera laus við hvers kyns hindranir á starfsemi, og frelsi til að geta glaðst og grátið, dansað frjáls um alla liti regnbogans. Í stað þess að sitja fastur í einum fasa.“<sup>1)</sup>

## Höfundurinn

Marnhild Hilma Kambseinni er höfundur þessarar ritgerðar. Hún starfar á krabbameinsdeild Landspítala háskólasjúkrahúss og er í sernámi í hjúkrun aldraðra við Fjölbrotarskólann í Ármúla.

## Heilbrigði býr í huganum

Heilbrigði er ekki aðalmarkmið lífsins heldur að sá sem upplifir sig heilbrigðan finnst hann hafa möguleika á að lifa innihaldsríku lífi, framkvæma þau verkefni sem hann hefur ákveðið að vinna að í lífinu og hafa áhrif á eða aðlagast umhverfinu.

„Heilbrigði er á vissan hátt forsenda lífsnautnar og hamingju. Það sem menn þurfa á að halda til að geta notið lífsgæða er fyrst og fremst lífsandinn sjálfur, og í öðru lagi að vera við sem besta heilsu. Undir þessu sjónarhorni er heilbrigði skilyrði fyrir hlutdeild í verðmætum og þar af leiðandi nokkurs konar forsenda fyrir hamingju. Því má til sanns vegar færa að heilbrigði sé frumgæði sem menn hafi ríkari þörf fyrir en öll önnur verðmæti. Þetta viðhorf til heilbrigðis segir ekki allan sannleikann. Vanheill maður getur vissulega átt hlutdeild á ýmsum lífsgæðum og kann jafnvel að vera sælli en sá sem býr við góða heilsu. Þótt líklega sé sjaldgæft að þeir séu hamingjusamir sem þjáast af alvarlegum veikindum, þá er góð heilsa forsenda fyrir ýmsu sem menn takast á við, en heilbrigði veitir enga tryggingu fyrir því að athafnir manna færir þeim hamingju.“<sup>2)</sup>

## Í hverju er andlegt heilbrigði fólgið?

Sumir líta svo á að maður sé andlega heilbrigður ef honum sjálfum líður vel og hann er hamingjusamur, án tillit til þess hversu afbrigðileg hegðun hans er eða úr samræmi við umgengnisvenjur þess þjóðfélags sem hann lifir í. Það er nokkuð augljóst að þessi skoðun fær ekki staðist. Velliðan eða vanlíðan getur ekki verið mælikvarði á andlegu heilbrigði nema að nokkru



leyti. Öllum líður einhvern tíma illa, eru kvíðnir, daprir eða óhamingjusamir. Reyndar yrði það að teljast óheilbrigð ef mönnum líði ekki illa undir vissum kringumstæðum, svo sem við meiri háttar áföll, slys eða ástvinamissi. Á hinn bóginn getur mikil vellíðan og kæti stundum verið ein-kenni á alvarlegum geðsjúkdómi, enda er líðan ekki í samræmi við kringumstæður.

Aðrir halda hinu gagnstæða fram, að maður sé andlega heilbrigður svo fremi sem hann lagi sig að þjóðfélaginu án tillit til persónulegrar líðan, stundi sína vinnu, sjái fyrir sínu heimili og lifi í samræmi við stöðu sína og efnahag og hagi sér á annan hátt eins og þjóðfélagið ætlast til af honum. Þetta segir hins vegar ekkert um hvernig honum líður eða hvort hann sé hamingjusamur.

### Heilbrigð samskipti við umhverfið

Maðurinn þarf að eiga heilbrigð samskipti við umhverfi sitt. Hann þarf að hafa hæfileika til að elska, geta notið fullnægju í ást, starfi og leik. Hann þarf að finna til öryggis í samskiptum við aðra og finna að hann tilheyrir hópnun. Hann þarf að geta lagað sig að aðstæðum og lært af reynslunni. Hann þarf bæði að geta hagrætt umhverfi sínu eftir sjálfum sér og sjálfum sér eftir umhverfi sínu. Hann þarf að hafa hæfileika til að takast á við hagnýt vandamál, skynja þau, finna réttu leiðina og framkvæma. Hann þarf að hafa ábyrgðarvitund, sýna öðrum tillitssemi og geta haldið aftur af eigin hvötum og löngunum þegar þær brjóta í bága við óskir hópsins sem hann vill tilheyra. Tilfinningar hans og geðbrigði þurfa að vera í réttu hlutfalli við aðstæður. Hann þarf að geta haft hæfilega stjórn á tilfinningum sínum án þess að bæla þær eða meina þeim útrás.

Abraham Maslow skilgreinir „heilbrigðan, sjálfstæðan einstakling“ með eftirfarandi eiginleikum sem lýst er út frá reynslu: Hann er heilsteyptur persónuleiki með þroskað raunveruleikaskyn, hann er opin fyrir nýrri reynslu, ræktar sjálfræði sitt og sköpunargáfu, hefur örugga sjálfskennd, tekur hlutlægar ákvarðanir, hefur

*Maðurinn er ein heild:  
Líkami, hugur og  
tilfinning.  
Fæst okkar hafa lært að hlusta  
á skilaboðin frá eigin líkama.*

hæfileika til þess að láta hið hlutstæða og hið óhlutstæða virka saman, er lýðræðislegur og getur þótt vænt um aðra.

### Dyggðugt líferni og ánægja

Ánægja á ekki að vera markmið manna heldur kemur hún sem fylgifiskur allra góðra verka og fullkomnar þau. Dyggðugur maður hefur ánægju af siðferðilegri breytni. Dyggðin er honum eiginleg og því engin togstreita í sálarlífi hans.

Samkennd er ein af dyggðunum tíu og er þess virði að skoða því samkennd sýnir okkur hvernig við erum öll tengd. Gleði eins er gleði allra. Sársauki eins er sársauki allra. Heiður eins er heiður allra.

Samkennd er mjög öflug og kraftmikil dyggð. Hún er leið til þess að sjá heiminn sem eina heild. Þegar við tileinkum okkur samkennd leyfum við okkur að finna tengingu við allt og alla.

Samkennd færir frið. Með samkennd er ekki átt við að verið sé að steypa alla í sama mót. Í krafti samkenndar má leysa ágreining, finna nýjar leiðir eða raunhæfar lausnir sem mæta þörfum allra. Samkennd er svo öflug að hún getur lýst upp heiminn og bundið enda á strið.

*Sjálfsagi  
Samkennd  
Ábyrgð  
Vinátta  
Vinna  
Hugrekki  
Heiðarleiki  
Tryggð  
Trú  
Vernd*

### Hvernig tileinkum við okkur samkennd?

Það er ástæðulaust að láta það sem gerir okkur ólík skaða okkur, hvort sem um er að ræða innan fjölskyldu eða alls mannkyns. Fjölbreytni er af hinu góða, hún gerir lífið áhugaverðara. Væri ekki blómin óspennandi ef þau væru öll eins á litin?

Þegar við tileinkum okkur samkennd erum við tilbúin til að horfa á fordóma okkar og láta af þeim. Rétt eins og lauf trjána hafa hvert sitt einstaka munstur, er hver persóna einstök. Þegar við tileinkum okkur samkennd reynum við að sjá hvað það er sem einkennir okkur hvert og eitt, ekki til þess að hræðast og berjast, heldur sem einstaka gjöf hvers og eins. Með samkennd virðum við einnig allt lífríki jarðar og lítum á jörðina sem sameiginlegt heimili okkar allra.

### Lokaorð

Til að skilja hvað leiðir til lífshamingju þurfum við að gera okkur grein fyrir eðli mannsins. Hvað gerir manninn að manni. Lífshamingjan er fólgin í því að þroska mannlega eiginleika og verða þar með gott eintak af tegundinni maður. Þroski mannsins birtist í dyggðugu líferni.

Það má sjálfsagt lengi deila um hvað er að vera heilbrigður, en ég held að við getum verið sammála um að heilbrigði kemur mikið innan frá, ef við eflum hið jákvæða með jákvæðri orku og styrkjum andann.

Antonovsky vill meina að lífið sé þannig samansett að stress, missir, tilfinningar, sjúkdómar og dauði verði alltaf hluti af lífinu, en ef við einbeitum okkur að því hvaðan tilfinningarnar koma þá getum við kannski með veikleika okkar fundið styrkleika og þannig náð sigri í lífinu.

Að beita skynsemi sinni til að skilja náttúruleg málið og láta vilja sinn lúta því. Að vilja það sem gerist. Láta ekki líðan sína ráðast af því sem maður ræður ekki við.

1) Heildræn meðferð:

<http://notendur.centrum.is/~birna/t.html>

2) Heilbrigði og hamingja,

Stefán Hjörleifsson,

<http://doktor.is/Article.aspx?greinid=3323>

# Lífeyrissjóðir skerða réttindin

Tveir stórir lífeyrissjóðir hafa að undanförmu gripið til þess ráðs að skerða réttindi sjóðfélaga frá því sem verið hefði að óbreyttu, og er búist við að fleiri fylgi í kjölfarið næstu mánuði og misseri. Þetta eru Lífeyrissjóður verslunarmanna og Söfnunarsjóður lífeyrissjóðanna.

Þessar ákvarðanir eru teknar af stjórnunum sjóðanna í kjölfar samkomulags sem samningsaðilar á almenna vinnumarkaðinum, það er Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins, gerðu sín á milli í desember síðastliðnum. Sú sameiginlega yfirlýsing boðaði verulegar breytingar á almenna lífeyrissjóðakerfinu.

## Veigamiklar breytingar

Fram kemur í fyrrgreindu samkomulagi „um framtíðarskipulag lífeyrissjóðsins“ að það eru einkum þrjú atriði sem stjórnendur lífeyrissjóða hafa í huga þegar gripið er til þess að skerða réttindi sjóðfélaga:

Í fyrsta lagi varð sú breyting um síðustu áramót að eins prósent framlag atvinnurekenda í séreignarlífeyrissparnaði var fært yfir í almennu lífeyrissjóðina. Það þýðir að launagreiðendur á almenna markaðinum þurfa ekki lengur að greiða

inn á séreignarsjóðina, en framlag þeirra til sameignarsjóðanna hækkar í staðinn úr sex prósentum í sjö. Eftir tvö ár, 1. janúar 2007, hækkar framlag atvinnurekenda um eitt prósent í viðbót, í átta prósent, og þar með heildargreiðslan í lífeyrissjóðina í tólf prósent. Í samkomulaginu segir að þessi breyting auki „útreiknaðar framtíðarskuldbindingar“ sjóðanna.

Í öðru lagi að tryggingastærðfræðingar meti það svo að „óhjákvæmilegt sé að lífeyrissjóðir taki í notkun nýjar töflur um auknar ævi- og örorkulíkur. Báðir þessir þættir munu leiða til aukinna útgjalda hjá sjóðunum.“

Í þriðja lagi er áhugi hjá samningsaðilinum „að taka upp aldurstengda réttindaávinnslu“ sem á mæltu máli þýðir að sjóðfélagi fær misjafnlega mikil réttindi fyrir iðgjöld sín til sjóðsins eftir því hversu gamall hann er þegar hann borgar iðgjaldið.

## Lítill umræða og kynning

Opinberlega hefur verið harla hljótt um þessar veigamiklu breytingar á lífeyrissjóðakerfi landsmanna, enda hafa sjóðsfélagar í reynd ekkert um þær að segja; ákvarðanirnar eru teknar af forystu samtaka vinnumarkaðarins og sjóðanna.

En þar sem ákvarðanirnar skipta miklu máli fyrir sjóðfélagan sem „eiga“ sjóðina, þótti Sjúkraliðanum rétt að reyna að varpa ljósi breytingarnar sem þegar eru orðnar eða eru fyrirhugaðar, þær hugmyndir sem að baki liggja og þau áhrif sem þær munu hafa á stöðu sjóðfélaga í framtíðinni.

Í þessu skyni var rætt við Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóra Landsamtaka lífeyrissjóða, og Ögmund Jónasson, formann Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og stjórnarmann í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, um þær spurningar sem vakna við þessar breytingar, og þá ekki síst vegna hugmynda sem eiga mikinn stuðning meðal stjórnenda sjóðanna um að taka almennt upp aldurstengd iðgjöld og lífeyri. Með þeirri breytingu yrði horfið frá því fyrirkomulagi sem ríkt hefur frá upphafi að allir sjóðsfélagar greiði jafnt hlutfall af launum sínum í iðgjöld og fái fyrir það jöfn réttindi, en þess í stað teknar upp misjafnar greiðslur eftir aldri sjóðfélaga.

Þá er fjallað nánar um þær breytingar á íslensku þjóðfélagi sem taldar eru kalla á breytingar, það er lengri lífslíkur Íslendinga og fjölgun þeirra sem búa við skerta starfsorku og eiga þar af leiðandi rétt á örorkubótum.

## Örorka tengist atvinnuleysi


**Sterk fylgni er á milli nýgengis örorku og umfangs atvinnuleysis á landinu. Þetta er niðurstaða nýrrar könnunar.**

Tilgangur könnunarinnar, sem Sigurður Thorlacíus, Sigurjón B. Stefánsson og Stefán Ólafsson gerðu grein fyrir í Læknablaðinu, var að kanna áhrif atvinnuleysis og gildistöku örorkumatstaðals á fjölda öryrkja á Íslandi með því að skoða breytingar á nýgengi örorku og umfangi atvinnuleysis ár frá ári á tímabilinu frá 1992 til 2003.

Niðurstaðan er sú að fjölgun öryrkja á Íslandi undanfarið hafi sterk tölfræðileg tengsl við breytingar á vinnumarkaði, einkum aukni atvinnuleysis og auknið álag á vinnustað. Sveiflur í atvinnuleysi eigi sér sterka samsvörun í breytingum á nýgengi örorku á tímabilinu. Nýgengi örorku var tiltölulega hátt á árunum 1993 til 1995 samhliða mikilli aukningu atvinnuleysis, en þegar dró úr atvinnuleysi á næstu árum dró einnig úr nýgengi örorku. Það

þótti sérstaklega athyglisvert hve sterk fylgni var milli mikillar aukningar atvinnuleysis, umfangs langtímaatvinnuleysis og nýgengis örorku á árinu 2003.

„Sterkt tölfræðilegt samband milli þróunar atvinnuleysis og nýgengis örorku, sem hér hefur verið sýnt, bendir til þess að um orsakatengsl geti verið að ræða. Þeir sem búa við skerta færni vegna heilsuþrengis eru líklegir til að hrökklast fyrir úr vinnu en aðrir þegar kreppir að á vinnumarkaði og sækja þá um örorkubætur. Langvarandi atvinnuleysi getur auk þess valdið heilsuþrengi, svo sem þunglyndi og hjartasjúkdómum,“ segja skýrsluhöfundar. Þeir telja mjög mikilvægt að auka samvinnu vinnu- málakerfis og heilbrigðiskerfis til þess að draga úr heilsuþrengi af völdum atvinnuleysis og til að bæta stöðu fólks sem stendur höllum fæti á vinnumarkaði og auka þannig líkur á að það haldi vinnu.



Á þessu línuriti Hagstofu Íslands má sjá hversu mikið meðalævilengd íslenskra karla og kvenna hefur aukist á síðustu fjórum áratugunum, eða frá fyrri hluta sjöunda áratugar síðustu aldar.

## Íslendingar lifa lengur og lengur

Meðalævilengd karla er styttri en kvenna og íslenskir karlar geta nú vænst þess að verða 78,7 ára og konur 82,5 ára og er þá miðað við meðaltal árunna 2001-2003, samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands.

Á meðfylgjandi grafi sést greinilega hversu mjög lífslíkur Íslendinga hafa aukist frá því upp úr 1960. Þá voru lífslíkur karla einungis rúmlega 70 ár, og hefur áætluð ævilengd þeirra því lengst um átta ár. Lífslíkur kvenna voru rúm 76 ár við upphaf sjöunda ártugarins, og hafa því aukist um ríflega sex ár á þessu tímabili.

Í fréttum Hagstofunnar er bent á að síðustu þrjá áratugin hafi dregið talsvert saman með kynjunum í meðalævilengd. Í upphafi áttunda áratugarins var sex ára munur á ævilengd kvenna og karla hér á landi en er nú aðeins tæp fjögur ár. Svipaða þróun má greina í öðrum Evrópulöndum en munur á ævilengd milli kynjanna er þó víðast hvar meiri en hér; sex til sjö ár í flestum löndum.

Lífslíkur íslenskra karla hafa batnað mun meira en kvenna á síðustu áratugum og nú er svo komið Íslendingar verða karla elstir í heiminum. Hið sama verður ekki sagt um konur. Lengi vel voru lífslíkur íslenskra kvenna hæstar á veraldarvísu, en nú eru íslenskar konur í sjötta sæti. Annars staðar á Norðurlöndum má merkja svipaða þróun þar sem lífslíkur karla hafa batnað mun meira en kvenna. Meðal ýmissa þjóða sem stóðu Íslendingum töluvert langt að baki fyrir fáum árum er ævilengd kvenna nú hærri en hér. Sem dæmi má nefna Spán og Frakkland, en þar verða konur nú heldur eldri en hér á landi. Fyrir rúmum 20 árum gátu íslenskar konur hins vegar vænst þess að verða tveimur árum eldri (80,3) en kynsystur þeirra á Spáni (78,3) og í Frakklandi (78,2). Í Japan eru ævilíkur kvenna langhæstar í heimi en þar verða konur nær 85 ára gamlar. Japanskir karlar geta vænst þess að ná 78 ára aldri.

## Samið um breytt iðgjald

Sú breyting varð á greiðslu iðgjalda til almennu lífeyrissjóðanna um síðustu áramót að framlag launagreiðanda hækkaði úr 6% í 7%. Eftir tvö ár, 1. janúar 2007, hækkar framlagið um eitt prósent í viðbót í 8%. Hlutfall launamannsins er eftir sem áður 4%.

Fram til síðustu áramóta þurftu launagreiðendur að borga 1% af laun-

um starfsmanna sinna inn á séreignar-reikning þeirra þótt starfsmennirnir sjálfir greiddu ekkert á móti. Þessi greiðsluskylda hefur nú verið felld niður.

Ef hins vegar starfsmaður greiðir 2-4% af launum sínum inn á séreignar-reikning þarf launagreiðandinn eftir sem áður að greiða 2% á móti.

## Áunnin réttindi lækka

Lífeyrissjóður verslunarmanna hefur skert réttindi sjóðfélaga, bæði áunnin réttindi og framtíðarréttindi, vegna breytinga á ævilengd og örorkulíkum Íslendinga. Stjórnendur sjóðsins hafa gripið til eftirfarandi aðgerða:

- Stuðull til útreiknings elli- og örorkulífeyris var lækkaður úr 1,65 í 1,50 frá síðustu áramótum. Stuðull til útreiknings makalífeyris var færður úr 1,0 í 0,9.
- Sjóðurinn ákvað að nota eins prósentis viðbótariðgjaldið til að mæta lækun stuðulsins, en það hefur líka í för með sér að hækun iðgjaldsins verður ekki til að auka framtíðarréttindi sjóðfélaga.
- Framkvæmdin er með þeim hætti að áunnin stig sjóðfélaga voru hækkuð um 7% til að mæta að nokkru lækun stuðulsins. Þar af leiðandi lækka áunnin réttindi til útreiknings elli- og örorkulífeyris aðeins um 2,7%.
- Réttindi þeirra sem voru á lífeyri við gildistöku breytinganna héldust óbreytt, það er lífeyrir þeirra breyttist ekki.

## Framtíðar-réttindi skert

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda greip til svipaðra aðgerða um áramótin. Helstu breytingar stjórnenda sjóðsins voru þessar:

- Stuðull til útreiknings elli- og örorkulífeyris var lækkaður úr 1,65 í 1,55.
- Til að vega upp á móti þessari skerðingu voru öll áunnin stig sjóðfélaga hækkuð um 6,9% um áramót. Af því leiðir að áhrif lækunarinnar hafa einungis áhrif á skuldbindingar sjóðsins vegna framtíðariðgjalda.
- Þá voru gerðar breytingar á makalífeyri, til skerðingar.



# Boða gjörbyltingu á réttindakerfinu

„Að því er stefnt að sá sameiginlegi sjóður sem verður til við sameiningu Framsýnar og Lífeyrissjóðs sjómanna í sumar mun taka upp aldurstengt réttindakerfi og aðrir sjóðir á almenna markaðinum eru nánast í startholunum. Mér sýnist nokkuð ljóst að þessi mikla breyting á lífeyrissjóðunum verði fljótlega að veruleika,” segir Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, í viðtali við Sjúkraliðann.

Margt bendir því til þess að framundan séu grundvallarbreytingar á lífeyrissjóðum landsmanna sem hingað til hafa byggt á jafnréttindakerfi. Á sama tíma eru sumir lífeyrissjóðir að skerða réttindi sjóðfélaga vegna þess að Íslendingar lifa lengur og lengur og öryrkjum fjölga.

Sjúkraliðinn leitaði skýringa Hrafns Magnússonar á þessari þróun og áhrifum hennar á réttindi sjóðfélaga.

## Tvíþætt vandamál

- Sumir lífeyrissjóðir eru að skerða réttindi sjóðfélaga á sama tíma og ávöxtun þeirra er með því besta sem þekktist. Hvers vegna?

„Annars vegar eru sjóðirnir skuldbundnir til að greiða sjóðfélögum lífeyri ævilangt. Á árum áður lágu fyrir töflur um meðalævi Íslendinga. Þær hafa verið endurskoðaðar á fimm ára fresti og þá kemur í ljós að ævilíkur hafa aukist verulega. Á síðasta tímabilinu sem við höfum skoðað, árin 2000-2003, hefur þessi aukning á lífslíkum haldið áfram. Þessi aukning er mun meiri og örari en gert var ráð fyrir og það eykur skuldbindingar sjóðanna.

Hins vegar hafa örorkulíkur farið vaxandi og þess vegna hefur lífeyrir sem sjóðirnir greiða til öryrkja aukist verulega ár frá ári.

Lífeyrissjóðirnir þurfa að bregðast við þessu tvennu vegna þess að



Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, á skrifstofu sinni. Mynd: EJ

iðgjöldin og ávöxtun eignanna þarf að standa undir skuldbindingum þeirra til framtíðar. Þótt ávöxtunin hafi verið mjög góð hjá sjóðunum síðustu tvö árin er rétt að minnast þess að næstu þrjú árin þar á undan var hún neikvæð. Ef lítið er til síðustu fimm ára er meðaltalsávöxtunin aðeins um 3%.”

- Til hvaða ráðstafana grípa sjóðirnir?

„Fyrir á árum þegar sjóðirnir skiluðu góðri ávöxtun ár eftir ár og þessar nýju líkur um ævilengt og örorku lágu ekki fyrir, voru margir lífeyrissjóðir að bæta

kjör sjóðfélaga. Núna snýst þetta við og sjóðirnir draga nokkuð í land með þær hækkunar sem þá urðu á lífeyrissjóðunum. Eins nota sjóðirnir þá hækkun sem varð á iðgjaldi atvinnurekenda um áramótin til að verja stöðu sjóðanna. Sú hækkun mun því yfirleitt ekki skila viðbótarréttindum til sjóðfélaga. Loks hefur verið tilhneiging til að takmarka makalífeyrir, þar sem báðir aðilar ávinna sér nú orðið ellilífeyrissjóðunum.

Lífeyrissjóður verslunarmanna og Söfnunarsjóður lífeyrissjóðna gripu til ráðstafana af þessu tagi strax um síðustu áramót og fleiri munu vafalaust fylgja í kjölfarið.”

## Aukin harka á vinnumarkaði

- Hvers vegna er öryrkjum á Íslandi að fjölga?

„Fyrir þessu eru ýmsar ástæður. Það er aukin harka á vinnumarkaði sem leiðir til þess að þeir sem eru með

„Mér sýnist nokkuð ljóst að þessi mikla breyting á lífeyrissjóðunum verður fljótlega að veruleika.”

## SJÓÐIRNIR

skerta starfsorku eiga erfiðara með að fá vinnu eða halda starfi sínu. Það eru bein tengsl á milli langvarandi atvinnuleysis og örorku. Þeir sem hafa verið lengi án atvinnu verða smám saman öryrkjar, en helstu orsakir orkutaps eru stoðkerfisraskanir af ýmsu tagi og geðraskanir svo sem þunglyndi.

Tryggingafræðingar hafa á síðustu árum miðað við danska örorkustaðla en dregið þá niður um 30% vegna þess að örorka var talin mun minni hér en í Danmörku. Þeir töldu ekki hægt að byggja á íslenskum tölum vegna þess hversu fátæklegar þær voru og þjóðfélagið lítið.

Að okkar frumkvæði var ákveðið nú í vetur að kanna þetta betur og miða við reynslu lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði. Niðurstaðan var sú að við erum ekki aðeins búin að ná Dönum varðandi örorku heldur komin um 5% yfir dönsku staðlana. Meðal örorkulífeyrisþega í dag ber mest á konum um eða yfir fimmtugt. Fólk á aldrinum frá þrítugu til sextugs er meira á örorku hér en erlendis, en hins vegar er minna um að þeir sem eru 55-60 ára séu á örorku hjá okkur. Þegar veruleg þensla er á atvinnumarkaði þá fara margir sem eru með skerta starfsorku út að vinna í hlutastarfi, en þegar þrengir að á vinnumarkaðinum þá er það þetta fólk sem missir vinnuna fyrst af öllum.”

### Af hverju framreikning?

- Það er almenna reglan að réttindi í lífeyrissjóðum byggist á greiðslu iðgjalda. Af hverju eru lífeyrissjóðirnir með framreikning þegar kemur að örorkulífeyri?

„Framreikningur örorkulífeyris er einn af grundvallarþáttum kerfisins. Það var algjör samstaða um það á sínum tíma að sjóðfélagar sem missa vinnugetuna og þurfa að hverfa af vinnumarkaði ávinni sér lífeyri eins og þeir væru í vinnu þar til ellilífeyrisaldri er náð. Ég er ekki talsmaður þess að skera niður við trog réttindi öryrkja til framreiknings.

Hitt er annað mál að lífeyrissjóðirnir eru að borga yfir fimm milljarða á ári í örorkulífeyri, og þessar greiðslur fara vaxandi ár frá ári. Það þarf því að leggja áherslu á að gera sem flestum

### Orsakir örorku hjá lífeyrissjóðum

	Sjóm.	Bol.	Vestm.	Frams.	Samein.	Lífiðn.	Norðurl.
• Stoðkerfi (og gígt)	33	32	36	36	25	20	26
• Geðraskanir	22	27	11	24	25	20	13
• Hjarta- og æða- og lungnasjúkdómar	15		10	13	13	18	15
• Slys	18	27	19		18	6	16
• Taugasjúkdómar	4			5			
• Krabbamein	3			3			10
• Meltingafærasjúkdómar	2						3
• Áfengis- og vímuefnasýki			4	5	4	1	
• Heilabilun, sykursýki o.fl.							17
• Annað	3	14	20	14	16	23	

Yfirlitið sýnir helstu orsakir örorku hjá Lífeyrissjóði sjómanna, Lífeyrissjóði Bolungarvíkur, Lífeyrissjóði Vestmannaeyja, Framsýn, Sameinaða lífeyrissjóðsins, Lífiðnar og Lífeyrissjóði Norðurlands.

## Tillögur örorkunefndar

**Þrengja þarf framreikningsreglur vegna örorkulífeyris í samþykktum og lögum lífeyrissjóða. Vinna þarf að skilvirkari og vandaðri vinnubrögðum við undirbúning örorkulífeyrisúrskurða.**

Þetta tvennt er að finna í niðurstöðum nefndar um viðbrögð við örorkuvanda lífeyrissjóðanna. Nefndin kynnti tillögur sínar í eftirfarandi níu liðum:

### Endurhæfing og forvarnir

1. Nefndin telur mjög mikilvægt að endurskipuleggja og styrkja starfsendurhæfingu hér á landi, m.a. með því að auka framboð á henni og hafa sveigjanlegt skipulag sem bregst fljótt við breytingum á vinnumarkaði. Lífeyrissjóðirnir þurfa að koma að skipulagningu og fjármögnun sameiginlegs starfsendurhæfingarkerfis með miðstöð starfsendurhæfingar, þar sem unnt verði að meta endurhæfingarþörf eða vinnufærni og vísa í endurhæfingarúrræði þegar við á. Kanna þarf sérstaklega hvort slík fjármögnun sé heimil samkvæmt núgildandi lífeyrissjóðalögum og ef svo er ekki að beita sér fyrir því að slík heimild fái stöð með lagabreytingu. Fjármögnun skilvirkar starfsendurhæfingar lækkar örorkulífeyrisbyrði lífeyrissjóðanna og er því góður fjárfestingakostur fyrir þá.
2. Stjórnvöld, sveitarfélög og frjáls félagsamtök þurfa að auka og efla forvarnir eftir því sem tók eru á enda sé slíkt talið þjóðhagslega hagkvæmt til að minnka líkur á sjúkdómum síðar á starfsævinni. Efla þarf vinnuvernd og slysavarnir.
3. Mjög mikilvægt er að auka samstarf við sjúkrasjóði stéttarfélaganna og grípa þannig nógu snemma inn í endurhæfingarferil sjóðfélagans. Því fyrr sem gripid er til skilvirkra úrræða þeim mun meiri líkur eru á því að sjóðfélaginn geti hafið launada vinnu á ný. Koma þarf á samstarfi

lífeyrissjóða og sjúkrasjóða stærstu stéttarfélaganna.

4. Vinna þarf að skilvirkari og vandaðri vinnubrögðum við undirbúning örorkulífeyrisúrskurða, en nokkur brögð hafa verið að því að úrskurðir hafa verið ótraustir vegna ófullnægjandi upplýsinga. Starfsnefndin fagnar þeim rammasamningi sem Landsamtök lífeyrissjóða hafa gert við hóp lækna varðandi mat á orkutapi og telur að samningurinn hafi leitt af sér vandaðri vinnubrögð.
5. Athuga þarf hvort breyta þurfi lífeyrissjóðalögum nr. 129/1997, þannig að heimilt sé að hafna greiðslu örorkulífeyris, ef orkutap hefur varað skemur en í eitt ár. Jafnframt og samhliða þurfa stjórnvöld að hækka sjúkradagpeninga almannatrygginga.
6. Að mati nefndarinnar þarf að draga úr langtímaatvinnuleysi, m.a. með því að styrkja starfsendurmenntun og atvinnumiðlanir.
7. Heimilt verði að draga skaðabætur fyrir örorku af völdum slysa frá örorkulífeyri sjóðanna. Til þess þarf breytingu á skaðabótalögum.
8. Huga þarf að breytingum í samþykktum eða lögum lífeyrissjóða varðandi framreikningsreglur vegna örorkulífeyris með það í huga að þrengja reglurnar. Ákvæði 4. gr. lífeyrissjóðalaganna um lágmarkstryggingarvernd geta þó sett skorður varðandi mismunandi réttindi til elli- eða örorkulífeyris. Það atriði þarf að skoða sérstaklega.
9. Skoða þarf hvort um sé að ræða vanmat varðandi tryggingafræðilega athugun á örorkulífeyrisbyrði lífeyrissjóðanna, en almennt er stuðst við danskar örorkulíkur með allt að 30% lækkun. Nauðsynlegt er að Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga vinni upp íslenskan staðal með örorku- og endurhæfingarlíkum.



## SJÓÐIRNIR

öryrkjum kleift að komast aftur inn á vinnumarkaðinn. Hvaða vit er í því fyrir lífeyrissjóð að setja mann á örorku 25 ára gamlan, borga honum 30-40 milljónir á starfsævinni og gera nánast enga tilraun til að kanna hvort eða hvernig sé hægt að koma viðkomandi einstaklingi til starfa á ný?

Ég tel að það sé hægt að snúa þessari þróun við með því að stórefla starfsendurmenntun. Sú er líka niðurstaða nefndar sem hefur nýverið skilað skýrslu til ráðherra. Hún lagði til verulegt átak í þessu efni og að komið verði á fót endurhæfingarmiðstöð sem meti endurhæfingarpörf, en í dag eru biðlistar langir og tilviljunum háð hvort fólk fær starfsendurhæfingu eða ekki. Mestu máli skiptir að koma fólki sem allra fyrst í slíka endurhæfingu. Lífeyrissjóðir og sjúkrasjóðir verkalyðsfélaganna þurfa að koma að því verkefni. Þetta er besta leiðin til að sporna gegn fjölgun öryrkja.”

- *Hvað um hlut ríkisins? Ber hinu opinbera ekki skylda til að greiða að minnsta kosti hluta þessa kostnaðar?*

„Hugmyndir í þá veru komu fram í álitni nefndar sem starfaði á vegum Landssamtaka lífeyrissjóða, án þess að tekin væri bein afsaða til þeirra. Þetta er eitt af því sem Alþýðusambandið og Samtök atvinnulífsins ætla að taka upp við ríkisvaldið, en þær viðræður eru ekki enn hafnar. Ég tel hins vegar að það sé ekki ráð að færa þennan málaflokk alveg yfir til ríkisins því þá væri lífeyrir öryrkja alfarið á valdi stjórnmalamanna. Annað mál er hvort ríkisvaldið ætti að koma til móts við þá sjóði sem greiða hlutfallslega mest til öryrkja í því skyni að sjóðirnir standi jafnar að vígi en nú er.”

### Horfið frá jafnréttindakerfinu

- *Heyrst hefur að til standi að gjörbylta réttindakerfi lífeyrissjóðanna með því að taka upp aldurstengingu lífeyrisréttinda?*

„Það er rétt að aldurstengingin er gjörbylting á því jafnréttindakerfi sem verið hefur við lýði frá upphafi almennu lífeyrissjóðanna. Að vísu hafa nokkrir sjóðir verið með aldurstengt kerfi, til dæmis verkfræðingar og læknar, og séreignarsjóðir eru ekkert annað en aldurstengd réttindakerfi. En fram til síðustu aldamóta datt engum í hug innan verkalyðshreyfingarinnar

að taka upp aldurstengt réttindakerfi. Það var aldrei rætt í þeim fjölmennu nefndum vinnumarkaðarins sem þá fjölluðu um lífeyrismálin.

Sumir segja að mesta ógnin við jafnréttindakerfið sé sjálf tilvist aldurstengingarkerfisins, þannig að ef sjóðirnir hefðu ekki fengið heimild til þess í lögnum um lífeyrissjóðina frá árinu 1997 að bjóða uppá slík kerfi þá væri ekkert vandamál. En heimildin er til

enginn munur á jafnréttindaávinnslu og aldurstengdu kerfi ef þú ert í sama lífeyrissjóðnum alla ævina, en þá er auðvitað miðað við sömu laun. Í jafnréttindakerfinu eru þeir eldri að vinna sér inn mikil réttindi miða við það sem þeir gerðu á fyrri hluta ævinnar, en í aldurstengdu kerfi snýst þetta við, þú vinnur þér inn meiri réttindi á fyrri hlutanum en minni réttindi á seinni hluta starfsævinnar.”



Hrafn Magnússon: Aldurstengt réttindakerfi er á næsta leyti.

Mynd: EJ.

staðar og nokkrir sjóðir fóru fljótlega upp úr aldamótunum af stað með aldurstengd lífeyrisréttindi. Nú virðist tími slíkra kerfa kominn.”

- *Hvers vegna?*

„Gallinn er sá að þegar sumir lífeyrissjóðir bjóða upp á aldurstengt kerfi en aðrir ekki, þá getur fólk spilað á kerfið, það er að segja greitt í sjóð með aldurstengt kerfi á yngri árum en flutt sig síðan yfir í sjóð með jafnréttindaávinnslu síðar á ævinni og þannig fengið það besta út úr báðum kerfunum. Þetta getur komið sér illa fyrir lífeyrissjóðina.

Annað sem mælir með því fyrir sjóðina að taka upp aldurstengt kerfi eru áhrif þeirrar miklu kaupmáttaraukningu sem verið hefur í þjóðfélaginu. Hún hefur í för með sér að þeir sem eru komnir á miðjan aldur eru að ávinna sér mikil lífeyrisréttindi á síðari hluta ævinnar og það er dýrt fyrir lífeyrissjóðina. Kenningin segir að það sé

- *Sumir halda því fram að ef sjóðirnir taki upp aldurstengt kerfið sé stutt í að sjálf samtryggingin, forsenda lífeyrissjóðanna, sé í hættu?*

„Ég trúir því ekki fyrr en ég tek á að þessi breyting hafi einhver áhrif á samtrygginguna, enda er hún forsenda þess sterka sjóðakerfis sem við höfum byggt upp á undanförunum áratugum.”


### Sjóðirnir í startholunum

- *Hversu almennur er stuðningur innan stjórna lífeyrissjóða við að taka upp þetta kerfi?*


„Málið er komið býsna langt. Það er út af fyrir sig ekkert að því að flytja sig úr einu kerfi í annað, en það þarf að vanda mjög til undirbúnings slíkrar kerfisbreytingar og hún verður að standast tímans tönn. Það er til dæmis ekkert vit í því að ætla að skipta yfir í aldurstengt kerfi og skilja alla þá eftir með sárt ennið sem eru á miðjum aldri og hafa borgað í jafnréttindakerfi á



## SJÓÐIRNIR



Súlnar sýna örorkulífeyri sem hlutfall af heildarlífeyrisgreiðslum sjóða með ábyrgð launagreiðenda á árunum 1999-2003.



Súlnar sýna örorkulífeyri sem hlutfall af heildarlífeyrisgreiðslum sjóða án ábyrgð launagreiðenda á árunum 1999-2003.

## Mikill munur á milli sjóða

Meira en fimmfaldur munur er á því hversu þungt örorkulífeyrir vegur í heildarlífeyrisgreiðslum sjóðanna eftir því hvort lífeyrissjóðirnir búa við ábyrgð launagreiðenda eða ekki.

Landssamtök lífeyrissjóða hafa tekið saman yfirlit um örorkulífeyri sem hlutfall af heildarlífeyrisgreiðslum sjóðanna. Þar kemur fram að á árinu 2003 var örorkulífeyrir 4,8% af öllum lífeyri sjóða með ábyrgð launagreið-

enda, og hafði það hlutfall verið nánast óbreytt í fjölda ára. Meðal þessara sjóða er Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, stærsti lífeyrissjóður landsins.

Hjá sjóðum sem ekki eru með ábyrgð launagreiðenda var þetta hlutfall örorkulífeyris 26,8% árið 2003. Athygli vekur að hjá þessum sjóðum hefur hlutfallið hækkað um einungis 1,6% prósentustig frá árinu 1999, en þá var hlutfallið 25,2%.

fyrri hluta ávinnar og eiga síðan að ávinna sér hlutfallslega minni réttindi seinna hluta starfsávinnar. Þess vegna er um það rætt í sameiginlegri yfirlýsingu Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins að taka upp aldurstengt kerfi með hinni svokölluðu „mildu aðferð.“ Með þeirri aðferð er verið að segja við fólk: Þú heldur ákveðnum viðmiðunarlífeyri, sem þú hefur þegar unnið þér inn í gamla kerfinu á árinu 2003 með jafnréttindaávinnslu, og sú krónutala verður vísi-tölutengd. Hins vegar greiðir þú framvegis í nýtt aldurstengt kerfið. Þau réttindi sem þú ávinnur þér umfram þennan viðmiðunarlífeyri, sem miðast við árið 2003 eins og áður segir, ávinnur þú þér hins vegar í aldurstengdu réttindakerfi.

Þetta getur verið ansi flókið í framkvæmd ef fólk fer mikið á milli lífeyrissjóða, og þess vegna er lögð áhersla á að allir almennu sjóðirnir taki þetta kerfi upp. Að því er stefnt að sá

sameiginlegi sjóður sem verður til við sameiningu Framsýnar og Lífeyrissjóðs sjómanna í sumar taki upp aldurstengt kerfi með þessari aðferð, og aðrir sjóðir á almenna markaðinum eru nánast í starholunum. Mér sýnist nokkuð ljóst að þessi mikla breyting á lífeyrissjóðunum verður fljótlega að veruleika.”

**„Það er til dæmis ekkert vit í því að ætla að skipta yfir í aldurstengt kerfi og skilja alla þá eftir með sárt ennið sem eru á miðjum aldri og hafa borgað í jafnréttindakerfi á fyrri hluta ávinnar og eiga síðan að ávinna sér hlutfallslega minni réttindi seinni hluta starfsávinnar.“**


- Er ekki fyrst og fremst verið að leysa kerfsvandamál sem upp kom á milli lífeyrissjóðanna af því aldurstengt kerfi var leyft í lögunum frá 1997?

„Það má alveg til sanns vegar færa, en við verðum líka að taka með í reikninginn að aldurstenging lífeyrissjóðanna er mjög mismunandi. Ef við erum að byggja upp lífeyrissjóðakerfi sem á að geta tekið við af opinbera almannatryggingakerfinu þá þarf með einhverjum hætti að jafna aðstöðu sjóðanna. Út frá því sjónarmiði er vissst réttlæti í því að taka upp aldurstengt réttindakerfi.“

- Munu lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna fylgja í kjölfarið?

„Ég held að það gæti orðið frekar erfitt fyrir opinbera starfsmenn sem greiða nú í kerfi með jafna réttindaávinnslu, til dæmis A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, að vera með annað réttindakerfi en gengur og gerist á almenna markaðinum,“ segir Hrafn Magnússon.

## SJÓÐIRNIR



# Geðraskanir eru helsta orsök örorku

Nýleg könnun hefur staðfest að örorka hefur aukist verulega hér á landi síðustu árin. Algengasta orsök örorku eru geðraskanir.

Frá 1. desember 1996 til 1. desember 2002 jókst algengi örorku á Íslandi úr 4,8% í 6,2%, þar af herra örorkustigsins úr 4,0% í 5,8%. Þegar tekið hefur verið tillit til fólksfjölda og breyttrar aldurssamsetningar þjóðarinnar með aldurstöðlun reynist hafa orðið marktæk aukning á örorku hjá bæði konum og körlum á þessum sex árum, hvort heldur litið er til herra örorkustigsins eins eða beggja örorkustiganna samanlagt. Líklegt er að þessa aukningu megi einkum rekja til breyttra forsendna örorkumats með tilkomu örorkumatsstaðals og breyttra aðstæðna á vinnumarkaði, segja Sigurður Thorlacius, sérfræðingur í heila- og taugasjúkdómum, og Sigurjón B. Stefánsson, sérfræðingur í geðlækningum og klínískri taugalífisfræði en þeir birtu niðurstöður sínar í Lækna-bláinu. Hér að neðan er vitnað til helstu niðurstæðna.

## Nær tólf þúsund öryrkjar

Þann 1. desember 2002 hafði 11.791 einstaklingi búsettum á Íslandi verið metin örorka vegna lífeyrstrygginga almannastrygginga, 7044 konum (59,7%) og 4747 körlum (40,3%). Þar af hafði 10.960 verið metið herra örorkustigið (að minnsta kosti 75% örorka), 6500 konum (59,3%) og 4460 körlum (40,7%). Hjá 831 hafði verið metið

læggra örorkustigið (50% eða 65% örorka), 544 konum (65,5%) og 287 körlum (34,5%).

Þann 1. desember 1996 hafði 8404 einstaklingum verið metin örorka vegna lífeyrstrygginga almannastrygginga, þar af 7005 herra örorkustigið og 1399 lægra örorkustigið.

## Algengustu orsakimar

„Þegar kreppir að á vinnumarkaði með aukinni samkeppni, auknum kröfum um vinnuafköst og auknu atvinnuleysi má búast við að þeir sem hafa skerta vinnufærni vegna afleiðinga sjúkdóma og fötlunar detti fyrr út af vinnumarkaðnum en aðrir og sækji þá um örorkubætur. Auk þess ýtir atvinnuleysi undir heilsuþrest, sérstaklega andlegan heilsuþrest,“ segja höfundar könnunarinnar.

Geðraskanir og stoðkerfisraskanir voru algengustu sjúkdómaflokkarnir hjá báðum kynjum (til samans 66% tilvika hjá konum og 58% hjá körlum) hjá þeim sem metnir voru til herra örorkustigsins.

Þegar litið er á þá sjúkdómsgreiningu sem tryggingalæknirinn byggir örorkumat sitt öðru fremur á kemur í ljós að marktæk

aukning varð hjá báðum kynjum á örorku vegna geðraskana, stoðkerfisraskana, sjúkdóma í taugakerfi og skynfærum og slysa, og hjá körlum vegna hjartasjúkdóma.

Marktæk minnkun varð á örorku hjá báðum kynjum vegna krabbameins og húðsjúkdóma, hjá körlum vegna innkirtla- og efnaskiptasjúkdóma og sjúkdóma í öndunarferum og meltingarferum og hjá konum vegna hjartasjúkdóma og meðfæddra vandamála.

## Algengari úti á landi

Örorka var í heild algengust í þremur byggðarlögum á Norðurlandi - Akureyri, Siglufirði og Ólafsfirði. Á Seyðisfirði var örorka talsvert algengari hjá körlum en konum, en í öðrum byggðarlögum var örorka almennt algengari hjá konum. Mestur var munurinn á milli kynjanna á Bolungarvík og í Sandgerði.

Miðað við íbúafjölda á aldrinum 16-66 ára þjuggu marktækt fleiri öryrkjar á höfuðborgarsvæðinu en utan þess árið 1996, bæði karlar og konur. Árið 2002 var örorka hins vegar marktækt algengari hjá konum á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu, en ekki var marktækur munur á fjölda karla hvad þetta varðar.

Aldursdreifingin var áþekkt bæði árin en hlutfall öryrkja vex smám saman með aldri. Eftir að 25 ára aldri er náð eru almennt hlutfallslega fleiri öryrkjar meðal kvenna en karla, en á aldrinum 16-19 ára var tíðni hærri meðal karla.

*Örorka var í heild algengust í þremur byggðarlögum á Norðurlandi.*

Ögmundur Jónasson, formaður BSRB

# Aldurstengingin er vanreifað mál

„Ég staldra mjög við þá kerfisbreytingu sem verið er að gera á lífeyrissjóðunum, enda að mínu mati um algjörlega vanreifað mál að ræða. Ég geri líka mjög alvarlegar athugasemdir við þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið í þessu máli. Að fulltrúar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, sem er stærsti lífeyrissjóður á Íslandi, eða þeirra sem að baki honum standa, skuli ekki koma að ákvörðunartöku í þessu efni er fráleitt og mjög gagnrýnivert,” segir Ögmundur Jónasson, formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Sjúkraliðinn ræddi við Ögmund um þær miklu breytingar sem verið er að gera á réttindakerfi lífeyrissjóðanna með því að taka upp aldurstengd réttindi. En fyrst var sjónum beint að þeim skerðingum á réttindum sjóðfélaga sem sumir sjóðir hafa þegar gripið til vegna aukinnar ævilengdar Íslendinga og fjölgun öryrkja.

## Áhrif viðvarandi atvinnuleysis

- Er þessi vandi eins mikill og af er látið?

„Vandinn er sprottinn af tvennum rótum, annars vegar vaxandi örorku, hins vegar af því að við lifum lengur,” segir Ögmundur. „Það er auðvitað fagnaðarefni að fólki lifi lengur, en það hefur líka í för með sér að sjóðirnir þurfa að greiða meira út í lífeyri.

Vaðandi örorkuna þá þarf að ráðast að rótum vandans. Að hluta til er vaxandi örorka afleiðing atvinnuleysisins. Viðvarandi 2-4% atvinnuleysi er mjög mikið á íslenskan mælikvarða, þetta eru mörg þúsund manns. Fólk sem er á barmi þess að láta skilgreina sig sem öryrkja af heilsufarsástæðum, en vill vera inni á vinnumarkaðinum eins lengi og kostur er, gefst upp þegar það sér ekki fram á breytingu á atvinnustiginu. Það vilja allir vinna, það er hluti af menningu okkar og lífsviðhorfi, en nú



Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, á skrifstofu sinni.

Mynd: EJ

er svo komið að fólk með skerta starfsorku hefur ekki lengur möguleika á að fá vinnu. Harkan á vinnumarkaði bitnar fyrst á þessu fólki. Þetta er þjóðfélagsmeið sem Íslendingar verða að horfast í augu við sameiginlega.

Eins þarf að skoða vel hvort ekki sé rétt að færa örorkubyrðina í einhverjum mæli yfir í almannatryggingakerfið. Hjá lífeyrissjóðum þess launafólks sem býr við erfið vinnuskilyrði er örorkulífeyrir orðinn mjög þungur baggi. Ég hef verið talsmaður þess að ríkisvaldið horfi fyrst til Lífeyrissjóðs sjómanna þar sem örorkan er langþyngst.”

*Hvaða afleiðingar hefur þessi aldurstenging fyrir konur í lífeyrissjóðunum?*

## Ekkert náttúrulegt mál

- Er skerðing á réttindum sjóðfélaga þá óhjákvæmileg?

„Nei, en þetta er auðvitað spurning um hvernig við viljum skipta verðmætunum. Viljum við taka verðmætin út á meðan við erum vinnandi, eða viljum við leggja mikið fyrir í sjóði til efri árána? Ég er fylgjandi því síðarnefnda. Þess vegna segi ég: Áður en við skerðum réttindin skulum við ræða það í hreyfingunni hvort við séum ekki tilbúin að hækka iðgjöldin. Þá umræðu verða menn að taka í stað þess að líta á það sem náttúrulegt mál að það verði að skerða réttindin. Hjá opinberu sjóðunum eru réttindin fasta stærðin, iðgjöldin eru hins vegar breytilegi þátturinn. Þannig á það líka að vera að mínu mati.

Annars finnst mér vanta opna umræðu um þessi grundvallaratriði. Lífeyrisréttindin eru ekki eitthvað sem er óháð kjörum okkar á vinnumarkaðinum. Ástæðan fyrir því að við höfum



## S J Ó Ð I R N I R

staðið vaktina um lífeyriskerfi opinberra starfsmanna eins hart og við höfum mögulega getað, er meðal annars súa að um áratuga skeið höfum við setið við samningaborð andspænis atvinnurekanda sem var alltaf að minna okkur á að við nytum góðra lífeyrisréttinda og þess vegna væri hann ekki reiðubúinn að hækka kaupíð. Þetta er samhengi hlutanna, launin og lífeyrisréttindin eru ein og sama kakan. Ég er eindregið þeirrar skoðunar að það sé síst of mikið lagt í lífeyrisréttindin. Þótt allir vilji fá meira í vasann held ég að mjög margir leggi mikið upp úr því að geta notið efri árána.

Það má hins vegar hugsa sér ýmsar breytingar til að auðvelda lífeyrisþegum lífið á meðan heilsan leyfir, svo sem að þeir geti tekið út hærri greiðslur á fyrstu árum eftirlaunanna, en draga síðan úr þeim þegar heilsan þverr og fjárbörfin minnkar. Mér finnst slíkur sveigjanleiki æskilegur.”

### Aldurstenging vanreifað mál

- *Sjóðir á almennum vinnumarkaði virðast stefna hraðbyri í gjörbyltingu á réttindakerfi sjóðfélaga með því að fara yfir í aldurstengt kerfi. Hver eru þín viðbrögð við þeim hugmyndum?*

„Ég staldra mjög við þá kerfisbreytingu sem verið er að gera á lífeyrissjóðunum að þessu leyti, enda að mínu mati um algjörlega vanreifað mál að ræða. Ég geri mjög alvarlegar athugasemdir við þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið í þessu máli. Það er ljóst að breytingar sem gerðar eru á þessu sviði munu fyrir eða síðar segja til sín í öllum lífeyrissjóðum landsins, sjóðirnir verða að búa við samræmt kerfi að þessu leyti. Þess vegna tel ég liggja í augum uppi að það eigi að hafa samvinnu um svo róttækar breytingar. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins er stærsti lífeyrissjóður á Íslandi. Að fulltrúar hans eða þeirra sem að baki honum standa skuli ekki koma að ákvörðunartöku í þessu efni er fráleitt og mjög gagnrýnivert.”

- *Er breytingin sjálf til bóta?*

„Mér hefur ekki enn verið sýnt fram á það. Ég á eftir að skilja það til botns hvað vakir fyrir mönnum með því að taka upp aldurstengingu lífeyrisréttinda. Ég spyr í fyrsta lagi: Eru menn með þessum breytingum að búa til kerfi sem er stöðugra? Er það þá á

kostnað lífeyrisþega, og þá hvaða lífeyrisþega? Væri aldurstengt kerfi, með öðrum orðum, hugsanlega rýrara fyrir einhverja tiltekna hópa lífeyrisþega? Vafalaust þarf að taka inn margar breytingar til að geta svarað þeirri spurningu, meðal annars áhrif kaupmáttaraukningar og fleira, en þetta er spurning sem þarf að svara.

En ef það er ekki ætlunin að rýra réttindi sjóðfélaga heldur breyta yfir í annað jafnverðmætt kerfi, hlýt ég að

þú langt eftir inni í sjóðnum? Hversu lengi höfum við þína peninga til ávöxtunar?

Þetta er ekki óþekkt hugmyndafræði. Þegar við unnum að endurskoðun lífeyrissjóðslaganna árið 1997 var mikill þrýstingur frá bönkunum og fjármála kerfinu í þá veru að draga sem mest úr samneyslunni og fara í ríkari mæli inn í einstaklingsbundið kerfi. Með því að taka upp aldurstengingu eru lífeyrissjóðirnir að feta sig í þá átt.”



Ögmundur Jónasson: Fráleitt að stærsti lífeyrissjóður landsins komi ekki að ákvörðun um aldurstengingu lífeyrisréttinda. Mynd: EJ.

spyrja: Hvað annað vakir þá fyrir mönnum? Hver er hvötin að þessum breytingum?

Aldurstengingin hefur pólitíska þýðingu því sjóðirnir eru með henni að færa sig nær einstaklingsbundinni réttindaávinnslu. Sjóðirnir ætla að beina sjónum að hverjum einstaklingi og spyrja: Hvað ert þú gamall? Hvað átt

### Áhrif á réttindi kvenna

„Og hvað kemur í framhaldinu?” heldur Ögmundur áfram. „Verður látið staðar numið við aldurshópana? Hvað með muninn á milli karla og kvenna? Konur lifa lengur. Vilja menn að þær fari af þeim sökum að greiða hærri iðgjöld? Ég er að sjálfsgöðu ekki þeirrar skoðunar, en þegar haldið er út á þessa braut hvar endar það þá?

Ég spyr líka: Hvaða afleiðingar hefur þessi aldurstenging fyrir konur í lífeyrissjóðunum? Þótt þjóðfélagið hafi breyst að því leyti að konur fara fyrir út á atvinnumarkaðinn en þær gerðu áður, þá er það engu að síður svo að á fyrri hluta starfsævinnar eru konur meira heimavið, einmitt á þeim árum þegar iðgjöldin eru verðmætust í aldurstengdu kerfi. Er þá ekki með þessari breytingu verið að rýra sérstaklega rétt kvenna? Eru kvennastéttir í verkalýðs-

***Ef það er ekki ætlunin að rýra réttindi sjóðfélaga heldur breyta yfir í annað jafnverðmætt kerfi, hlýt ég að spyrja: Hvað annað vakir þá fyrir mönnum?***

# Eignirnar nálgast eitt þúsund milljarða

Eignir lífeyrissjóðanna nálgast nú eitt þúsund milljarða króna. Samkvæmt áætlun í hagtölum Seðlabanka Íslands námu eignirnar 974 milljörðum um síðustu áramót, og er þá byggt á úrtaki 25 stærstu sjóðanna.

Eins og sjá má á meðfylgjandi töflu námu heildareignir lífeyrissjóða samkvæmt þessari áætlun 973.532 milljörðum króna í lok síðasta árs, og jukust um 150 milljarða á árinu 2004 eða um 18%.

Ríflega þrír fjórðu eigna sjóðanna eru innlendar, en veruleg aukning varð í fyrra á eignum í erlendum verðbréfum. Þær námu 216.123 milljörðum króna um síðustu áramót, eða 22,2% af heildareignum sjóðanna, en sambærileg tala var 19,4% í árslok 2003 og 15,2% í lok árs 2002.

Lán til sjóðfélaga námu alls 88.470 milljörðum króna eða um 9,1% af heildareignum. Það er nokkru lægra hlutfall en árin á undan, en lán til sjóðfélaga voru um 12,3% í árslok 2002 og 11,0% í árslok 2003.

Efnahagsyfirlit lífeyrissjóða

	Staða í m.kr.	
	31/12 2003	31/12 2004
Sjóður og bankainnviðgjafi	18,885	22,829
Útlán og verðbréfaeign samtals	788,672	936,813
Verðbréf með föstum tekjum	466,294	515,383
Verðbréf með breytilegum tekjum	322,378	421,430
Adrar eignir, nettó	16,421	13,890
Hrein eign til greiðslu lífeyris	823,978	973,532
Þ.a. innlend verðbréfaeign, samtals	628,748	720,690
Þ.a. erlend verðbréfaeign, samtals	159,923	216,123

Á þessari töflu má sjá yfirlit um eignir lífeyrissjóðanna um síðustu áramót samkvæmt hagtölum Seðlabankans, og er um að ræða áætlun byggða á athugun á stöðu 25 stærstu lífeyrissjóðanna.

hreyfingunni almennt sáttar við slíka breytingu?

Og hvað með langskólagengið fólk sem kemur seint út á vinnumarkaðinn? Í aldurstengdu kerfi skapar það sér lífeyri sem er léttvægari en í jafnréttindakerfinu. Hvaða afleiðingar hefur þetta í för með sér fyrir ungt fólk sem fer í langt nám til undirbúnings ævistarfi?

Þetta eru spurningar sem hefði þurfti að taka til ræðilegrar umræðu áður en farið er út í breytingar yfir í aldurstengt réttindakerfi. Ef það er virkilega svo að bæði kerfin séu jafnverðmæt fyrir sjóðfélaga þegar á heildina er litið, þá þurfum við að skoða þessa þjóðfélagslegu þætti áður en ákvörðun er tekin. Ég sakna þess að þessi umræða hefur ekki farið fram nema í litlum lokuðum hópum sem síðan ætla að kynna almenningi breytingarnar eftir.

- *Eru ASÍ og SA með þessum vinnubrögðum að knýja lífeyrissjóði opinberra starfsmanna til að taka upp gjörbreytt réttindakerfi?*

„Hvort sem það er meðvitað af þeirra hálfu eða ekki þá er niðurstaðan sú sama vegna þess að þrýstingurinn

verður að sjálfsgöður mikill á að gera sambærilegar breytingar hjá sjóðum opinberra starfsmanna. Við hefðum að sjálfsgöðu viljað ræða þessi mál við Alþýðusambandið og komast að sameiginlegri niðurstöðu um hvað sé rétt að gera.”

## Samtryggingin í hættu?

- *Er aldurstenging upphaf þess að færa lífeyrissjóðina yfir í séreignakerfi og afnema samtrygginguna sem hefur verið grundvöllur sjóðanna frá upphafi?*

„Menn halda því fram að með þessum breytingum sé ekki verið að

sundra samtryggingunni, en það er verið að búa í haginn fyrir slíkt, á því er ekki nokkur vafi. Menn eru að færa sig nær bankabókinni.

Mér hefur stundum fundist að margir, sem horfa hýru auga til bankabókarinnar og vilja hafa einstaklingsbundinn lífeyrissparnað en henda fyrir borð samtryggingarkerfinu, misreikni sig nokkuð. Þeir virðast halda að þeir séu klókir fyrir eigin hönd með því að setja dæmið þannig fram, en það er miskilningur. Í slíku séreignakerfi fær lífeyrisþeginn minna til sín, en hann er hins vegar afskaplega góður við afkomendur sína sem koma til með að erfa bankabókina.

Í núverandi kerfi nýtur lífeyrisþeginn samtryggingarinnar vegna þess að hann fær ávinninginn af því að fólk tekur ekki peningana með sér þegar það fellur frá. Fyrir vikið fá þeir sem eftir lifa meira í sinn hlut. Einstaklingur í séreignakerfi fær minna, en afkomendur hans meira. Þessu til viðbótar koma síðan allir félagslegu þættirnir sem gera samtryggingarkerfið eftirsóknarvert,” segir Ögmundur.

„Ég sakna þess að þessi umræða hefur ekki farið fram nema í litlum lokuðum hópum sem síðan ætla að kynna almenningi breytingarnar eftir.“

## Heilbrigðisstofnun Suðurnesja í mikilli sókn

# Innlögnum fjölgaði um 60 prósent í fyrra

„Heilbrigðisstofnun Suðurnesja hefur verið í mikilli sókn síðustu árin. Við áttum við erfiðleika að stríða, en sjáum nú fram úr þeim. Lagt hefur verið kapp á að efla þjónustuna og það hefur tekist. Allt stritið er farið að bera ávöxt og það er ekki nema einu að þakka, það er starfsfólkinu sem vinnur hérna og hefur virkilega lagt mikið á sig og tekið höndum saman,” segir Sigríður Snæbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri stofnunarinnar.

Starfsemi HSS er tvíþætt, annars vegar sjúkrahúspjónusta, hins vegar heilsugæsla. Höfuðstöðvarnar eru í Reykjanesbæ, en heilsugæsla er líka í Grindavík og hjúkrunardeildin Víðihlíð, en heilsugæslusel í Sandgerði, Garði og Vogum. Starfsmenn eru tæplega þrjú hundruð í tæplega tvö hundruð stöðugdum.

„Sem dæmi um sókn stofnunarinnar get ég nefnt að innlögnum fjölgaði um 60 prósent á milli árunna 2003 og 2004 og geri aðrir betur,” segir Sigríður. „Legudagar voru 34% fleiri en árið á undan og komur á heilsugæsluna 39% fleiri. Það var fjölgun röntgenrannsóknna um ríflega 19%, annarra rannsóknna um 9%, og skurðaðgerðum fjölgaði um 13%. Þetta er mikil aukning og auðvitað kostar sitt að efla þjónustuna með þessum hætti. Veltan á síðasta ári var um 1,1 milljarður með sértekjum þannig að rekstur HSS er umfangsmikill.”

### Fjölpætt þjónusta

Sjúkrahús Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja er í miðjum Reykjanesbæ og þar er veitt fjölpætt heilbrigðisþjónusta.


„Eitt af því nýjasta hjá okkur er legudeildin á annarri hæð í D-álm, en hún



Sigríður Snæbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja.

var opnuð í maí árið 2003. Hún er að mestum hluta lyflækningadeild og þar er skráð 21 rúm sem eru mjög vel nýtt,” segir Hildur Helgadóttir, hjúkrunarforstjóri HSS.

„Gegnum árin var lögð mikil áhersla á skurðlækningar og fæðingar á sjúkrahúsinu. En á síðustu tæpum tveimur árum höfum við verið að byggja upp nýju sjúkradeildina og það gengur mjög vel, en deildir af þessu tagi eru yfirleitt yfirfullar á Land-



Hildur Helgadóttir, hjúkrunarforstjóri HSS.

spítalanum. Við erum með átta rúma fæðingaradeild og þar voru 209 fæðingar á síðasta ári, sem er örlítið minna en verið hefur. Á síðasta ári voru fjórutíu fæðingar Suðurnesjakvenna í Reykjavík. Meginreglan er sú að ef það þarf einhver inngríp við fæðingu þegar ekki er vakt á skurðstofunni hjá okkur, þá fara verðandi mæður inneftir.

Nýjast í starfsemi okkar eru dagdeild og fimm daga deild sem eru reknar saman. Dagdeildin þjónar meðal annars skurðsjúklingum sem þurfa bara þjónustu að deginum en fara heim síðdegis, og eins fólki sem er að koma í blóðgjafir, lyfjagjafir, sáraskiptingar og þess háttar.

Endurhæfingaradeildin er opin fimm daga vikunnar og hún hefur nýst afar vel fyrir aldraða sem búa í heimahúsum, þeir koma hingað í endurhæfingu og fara hressari heim. Það er hluti af hugmyndafræði okkar að gera öldruð-



## VINNUSTAÐURINN



Myndarlegur hópur sjúkraliða á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja fyrir framan aðalstöðvar HSS í Reykjanesbæ: Þóra Steina Þórdardóttir, Stefanía Helga Schram, Lilja Karlsdóttir, Arnbjörg Ólafsdóttir, Svala Rún Jónsdóttir, Elísa Andersen, Vilborg Jóhannesdóttir, Agnes Ármannsdóttir, Sigríður Jóna Jónsdóttir, Hulda Birgisdóttir, Aðalheiður Jónsdóttir, Kristín Niúlsen, Helga Ágústa Eggertsdóttir, Hallveig Benediktsdóttir, Guðmunda Benediktsdóttir og Eygló Hjálmarsdóttir. Myndir: EÍ


um kleift að vera heima hjá sér sem lengst. Liður í því er að efla heima-hjúkrunina, en þar hefur skjólstaðing-um fjölgað töluvert milli ára. Hjúkr-unardeildin í Grindvík er með 25 hjúkrunarrými og þau eru yfirleitt allt-af fullnýtt.

### Næsti áfangi nýjar skurðstofur

Þriðja hæðin í nýju D-álmunni er til-búin til innréttingar og hefur verið það um nokkurt árabíl. Þar er vonast til að nýjar skurðstofur sjái dagsins ljós fljót-lega.

„Það sem háir okkur mest í augna-blikinu er hvað skurðstofurnar hjá okkur eru úreltar og lélegar, þær eru á síðasta snúningi,” segir Sigríður. „Þróunin á skurðsviðinu hefur verið

minnst vegna þess að við erum hamin af umhverfinu. Ég held að við séum loksins að sjá fyrir endann á því að þriðja hæðin verði skurðstofuhúsnæði framtíðarinnar. Við erum orðin ópolin-móð að biða eftir þessu, en ég held að heilbrigðisráðherra og ráðuneytin hafi núna fallist á þessa hugmynd okkar og



að það sé því bara spurning um tíma hvenær framkvæmdir hefjast. Í bjartsýnisköstum er ég að vona að það verði byrjað í haust, en sennilega verður það þó ekki fyrir en á næsta ári.”

Fram hefur komið í umræðum á Alþingi að kostnaður við framkvæmdir á þriðju hæðinni verði líklega um 250 milljónir. Aðrar 250 milljónir þarf síðan til að koma viðhaldi og lóð stofn-unarinnar í sæmlegt horf. Sumir hafa látið í ljósi þá skoðun að svo stutt sé frá Suðurnesjum á Landspítala-háskóla-sjúkrahús að hagkvæmt sé að leita þangað með ýmsa heilbrigðisþjónustu.

„Stjórnendahópur Heilbrigðisstofn-unar Suðurnesja vann á árinu 2003 að stefnumörkun heilbrigðisstofnunarinnar til ársins 2010. Í þeirri stefnu er

## VINNUSTAÐURINN

gert ráð fyrir að HSS sé fyrsti viðkomustaður Suðurnesjabúa sem leita eftir heilbrigðisþjónustu, bæði heilsugæslu og sjúkrahúsþjónustu, en á svæðinu búa um 17.000 manns,” segir Sigríður. „Við teljum að það sé best að veita þessu fólki góða heilbrigðisþjónustu á staðnum og það verður ekki gert án þess að hafa almennilega skurðþjónustu. Ef tekin yrði ákvörðun um að endurnýja ekki skurðstofur hérna þá er ljóst að sú þjónusta félli niður á örfáum árum og það held ég að væri mjög slæmur kostur fyrir samfélagið. Þá yrðu Suðurnesjabúar að sækja heilbrigðisþjónustu til Reykjavíkur og mér sýnist nú ekki vera mikið afgangur þar fyrir okkur.”

En því fylgja ýmsir kostir að vera í nágrenni höfuðborgarsvæðisins.

„Nálægðin við háskólasjúkrahúsið gerir það að verkum að við erum fljót að bregðast við ef einhver veikist skyndilega mikið eða þarf að fara skyndilega til dæmis á gjörgæslu eða í aðgerð,” segir Hildur. „Og við getum líka tekið sjúklinga miklu fyrr til baka. Hugmyndafræðin er þá að nota háskólaspítalann fyrir það sem hann gerir best og getur einn gert.”

### Mjög gott starfsfólk

„Það er mjög gott fólk sem starfar hérna segir,” segir Sigríður. „Stöðugildum fjölgaði á síðasta ári um 12.5% og voru 180 um síðustu áramót, en starfsmenn í heild tæplega þrjú hundruð. Mér finnst mjög gaman að heyra það frá fólki inni á Landspítala að þar er til þess tekið hvað þægilegt sé að eiga samskipti við starfsfólkið hérna, það sé svo jákvætt og alltaf tilbúið að taka við sjúklingum.”

Nú er fullmannað á hverjum pósti hjá HSS enda mikill stöðugleiki í mannahaldi.

„Fólk er almennt séð í frekar háu vinnuhlutfalli og þetta er afskaplega sterkur og samstilltur hópur,” segir Hildur. „Ég hef unnið hérna í tvö ár og ég tók strax eftir því hvað vinnuandinn er jákvæður. Starfsfólkið hefur þurft að bregðast við miklum breytingum og nýjum verkefnum, en það hefur aldrei verið kvartað heldur er verkefnum tekið fagnandi sem áskorun um að sýna að við getum gert þetta allt saman hér á Suðurnesjum. Þannig

hefur starfsfólkið staðið saman sem einn maður.”

### Sjúkraliðar á öllum deildum

Í spjalli við sjúkraliða á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja kom fram að þar starfa nú sjúkraliðar á öllum deildum sjúkrahússins, líka á skurðstofu, við skólaheilsugæslu, heimahjúkrun, ung- barnaæftirlit, heyrnamælingar og svo framvegis. Það væri mjög fin samvinna á milli fagstétta á HSS og sjúkraliðar bæru verulega ábyrgð í starfi. Vinnuandinn á stofnuninni væri mjög góður.



Aðalstöðvar Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja í Reykjanesbæ.

Mynd: EJ

Stærsti hópurinn, eða 23 sjúkraliðar (13.25 stöðugildi), vinna á D-deildinni. Á dagdeild eru 8 sjúkraliðar (4.25 stöðugildi), 3 á fæðingadeild (2.0 stöðugildi), 5 á heilsugæslunni (4.4 stöðugildi), 10 í Víðihlíð (7.15 stöðugildi), 1 á skurðstofu (0.8 stöðugildi), 1 við sótthreinsun (0.8 stöðugildi), og 1 við sjúkraþjálfun (0.8 stöðugildi). Nokkrir sjúkraliðar vinna bæði á D-deild og dagdeild, og einhverjir vinna bæði á dagdeild og fæðingadeild.

Á síðustu árum hefur stundum verið neikvæð umræða um stofnunina, meðal annars vegna læknadeilunnar svokölluðu og eins ágreinings um hvernig ætti að nýta eina hæð í D-álmú sjúkrahússins, en þar stóð lengi vel til að hafa öldrunardeild.

„Þrátt fyrir slíka storma er starfsandinn mjög góður og við finnum ekki fyrir neinum stéttaríg,” segja sjúkraliðarnir. „Við ræðum málin innanhúss og látum í okkur heyra þegar við erum óánægðar en líka þegar við erum ánægðar. Ef eitthvað kemur uppá þá er gott að tala við deildastjórnara, þeir reyna að skoða þetta málefnalega. Mikið er líka gert til að koma til móts við okkur varðandi vinnuskýrslurnar. Það gengur ótrúlega vel að mæta óskum starfsfólksins varðandi vaktir og vinnutíma og það skapar mikla ánægju vegna þess að vinnuskýrslan

hefur mikið að segja fyrir lífið á heimilinu.”

Suðurnesjadeild Sjúkraliðafélagsins heldur jafnan afar vinsælan jólafund. Mjög vel var mætt á síðasta aðalfund en hann var með aðeins öðru sniði en verið hefur undanfarin ár, það er bæði aðalfundur og skemmtikvöld með borðhald. Þá eru stundum haldin deildarpartí til að hrista fólk saman innan stofnunarinnar og rækta sambandið. Síðasta árhátíð stofnunarinnar var sérlega glæsileg, en þá átti HSS fimmtíu ára afmæli. Við það tækifæri veitti stofnunin viðurkenningar fyrir langan starfsaldur hjá HSS, og voru sjúkraliðarnir langstærsti hópurinn, enda hafa margir þeirra unnið mjög lengi á Heilbrigðisstofnuninni.



## VINNUSTAÐURINN



Fulltrúar Sjúkraliðafélags Íslands kynna sér glæsilega þjálfunarlaug á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Frá vinstri: Agnes Ármannsdóttir, sjúkraliði á HSS, Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélagsins, Edda Sjöfn Smáradóttir, sem á sæti í ritnefnd Sjúkraliðans, og Vilborg Jóhannesdóttir, sjúkraliði á HSS. Mynd: EJ

# Fjölbreytt starfsemi

**Dag- og göngudeildin er staðsett á annarri hæð í eldri byggingu. Á deildinni eru 8 legurúm á 3 stofum auk þess sem sér- aðstaða er til rannsókna og meðferðar. Starfsemi deildarinnar er fjölbætt á sviði hand- og lyflækninga. Í fyrra voru skráðar 3743 komur.**

Endurhæfingardeildin er staðsett á annarri hæð í eldri byggingu. Á deildinni eru 8 legurúm á þremur stofum. Meginstarf deildarinnar er að bjóða upp á einstaklingsmiðaða meðferð og endurhæfingu og því er lengd dvalar mismunandi eftir þörfum einstaklinga. Fæðingardeildin er 8 rúma fæðinga- og kvensjúkdómadeild sem er opin allan sólarhringinn, alla daga ársins. Deildin er þriðja stærsta fæðingardeild landsins. Flestar vatnsfæðingar á landsvísi eru í Reykjanesbæ. Almenn sjúkradeild er staðsett á 2. hæð í D-álmu. Þar eru er 21 rúm fyrir sjúklinga með almenn vandamál á sviði hand- og lyflækninga. Alls voru innlagnir á legudeildir 1768 í fyrra, en legudagar voru 19.400.

Iðjuþjálfun þjónar skjólstaðingum almennrar sjúkradeildar á sjúkrahússviði og skjólstaðingum heimahjúkrunar á heilsugæslusviði. Einnig sér iðjuþjálfun um að veita starfsmönnum HSS fræðslu og ráðgjöf við vinnuvistfræði. Iðjuþjálfun er með glæsilega aðstöðu í D-álmu.

Sjúkraþjálfun hófst á HSS með reglubundnum hætti árið 1998 og hefur að mestu sinnt sjúkrahússviði HSS, það er A og D deildum auk fæðingardeildar og Víðihliðar í Grindavík. Sjúkraþjálfun hefur nýja glæsilega aðstöðu í D-álmu, en þar er tækjasalur, meðferðarherbergi og þjálfunarlaug.

Heilsugæslan annast slysa- og bráðamóttöku. Tekið er á móti slösuðum allan sólarhringinn. Árlega eru um 3000 nýkomur á slysa- og bráðamóttökuna.

Skurðstofa hefur verið starfrækt frá stofnun spítalans, en í

núverandi mynd frá árinu 1985. Á skurðstofunni eru gerðar um 1500 aðgerðir árlega. Þetta eru háls-, nef- og eyrnaaðgerðir, kvensjúkdómaaðgerðir, keisaraskurðir, þvagfæraaðgerðir, bæklunaraðgerðir og ýmsar almennar skurðaðgerðir.

Röntgendeildin hefur verið starfrækt frá 1953 og alltaf verið staðsett á neðri hæð spítalans. Allar almennar röntgenrannsóknir eru gerðar á deildinni og ómskoðanir. Í fyrra voru gerðar þar 5524 rannsóknir. Rannsóknastofa HSS er þjónustudeild, staðsett í D-álmu. Rannsóknir eru gerðar samkvæmt beiðnum lækna. Þær voru 71.600 í fyrra.

Ungbarnavernd fylgist með vexti og þroska barna frá fæðingu til skólaaldurs. Foreldrum er veitt fræðsla og ráðgjöf um ýmis mál sem varða vöxt og þroska barna. Allar verðandi mæður eiga kost á mæðravernd sér að kostnaðarlausu. Skólaheilsugæsla annast heilsuvernd í skólum, en á Suðurnesjum eru sjö skólar og um 2400 nemendur. Markmið hennar er að fylgjast með andlegum, félagslegum og líkamlegum þroska og vellíðan nemenda, ásamt því að veita ráðgjöf og úrbætur.

Heimahjúkrun er veitt alla virka daga og um helgar þegar þörf krefur. Markmið hennar er að gera skjólstaðingum kleift að búa heima hjá sér við sem eðlilegastar aðstæður eins lengi og unnt er.

Í Heyrnarverndinni starfar Eygló Hjálmarsdóttir, sjúkraliði á fimmtudögum. Boðið er upp á heyrnarmælingar fyrir einstaklinga, vinnustaði og skóla. Einnig hreinsun og almennt viðhald á heyrnartækjum.

Í Víðihlið er rekin hjúkrunardeild fyrir aldraða. Þar er pláss fyrir 25 vistmenn.



## VINNUSTAÐURINN



Sjúkraliðar á hjúkrunarheimilinu Víðihlíð í Grindavík: Unnur Haraldsdóttir, Ásla Fossádal, Christine Bucholz, Elín Þorsteinsdóttir, Birna Rut Þorbjörnsdóttir, Jónína Guðbjartsdóttir, Anna Sigríður Jónsdóttir. Á myndina vantar Elinu Ingólfssdóttur, Þorbjörgu Guðmundsdóttur og Janette Sicut. Myndir: EJ

# 25 vistmenn í Víðihlíð

„Hér í Víðihlíð í Grindavík rekur Heilbrigðisstofnun Suðurnesja hjúkrunardeild. Við höfum pláss fyrir 25 vistmenn á tveimur hæðum og það er yfirleitt fullnýtt,” segir Edda Bára Sigurbjörnsdóttir, hjúkrunarframkvæmdastjóri.

Grindarvíkurbær reisti bygginguna fyrir hálfum öðrum áratug. Í upphafi stóð til að hafa íbúðir fyrir aldraða í öllu húsinu, en þegar á leið kom í ljós að það var of stórt og dýrt verkefni fyrir bæjarfélagið. Þá varð niðurstaðan sú að hafa aðeins íbúðir í öðrum hluta hússins en hjúkrunardeild fyrir aldraða í hinni almunni, og samið við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja um rekstur þeirrar deildar. Efri hæðin var tekin í notkun í september árið 1992, en neðri hæðin í júlí árið 1994.


## Vantar einbýli

„Á efri hæð hússins vistum við þá einstaklinga sem þarfnast meiri umönnunar og eftirlits og er hægt að loka af hluta hæðarinnar til að varna því að órólegir einstaklingar fari út. Á neðri hæðinni er heldur hressara fólk. Elsti einstaklingurinn er 96 ára, en sá yngsti rúmlega fimmtugur enda er þessi deild ekki eingöngu fyrir aldraða heldur einnig fyrir sjúklinga sem ekki hafa í önnur hús að vanda í þjóðfélaginu.

Flest herbergin hérna eru tveggja manna, en þó eru þrjú einbýli. Þetta eru þokkalega stór herbergi og það er salerni og sturta í þeim öllum, en okkur vantar fleiri einbýli eins og mikið eru í umræðunni um þessar mundir. Vistmönnum er velkomið að hafa með sér persónulega muni til að gera umhverfið heimilislegra og hlýlegra,” segir Edda Bára.

## Félagsstarf og útivist

„Á báðum hæðum er matsalur og setustofa



Edda Bára Sigurbjörnsdóttir, hjúkrunarframkvæmdastjóri Víðihlíðar.

þar sem vistmenn koma saman, njóta samvasta og horfa á sjónvarp. Ýmislegt er gert til dægrastyttingar svo sem samverustundir með söng, sögulestri og spilum. Einnig er boðið uppá keramikmálun og taumálun. Félagsstarfið er bæði á okkar vegum og bæjarins. Við leggjum áherslu á sem besta samvinnu til að sem flestir geti notið þjónustunnar, það er bæði vistmenn okkar og íbúarnir í hinni álmu hússins, en við gegnum einnig neyðarþjónustu fyrir þá. Sjúkraþjálfari kemur þrisvar í viku, en við erum með



Víðihlíð í Grindavík. Í annarri álmu hússins er hjúkrunarheimili sem Heilbrigðisstofnun Suðurnesja rekur, en í hinni íbúðir sem bæjarfélagið reisti fyrir aldraða.

ágætis aðstöðu til sjúkraþjálfunar, og iðjuþjálfari kemur frá aðalstöðvunum eftir þörfum.

Hér er fin aðstaða til útivistar, góður garður sunnan við heimilið og göngustígar í kringum húsið. Hægt er að ganga beint út í garðinn af neðri hæðinni og á góðviðrisdögum er oft setið þar úti, kaffi drukkið og veðurblíðunnar notið.”

## Tíu sjúkraliðar

Í Víðihlíð starfa tíu sjúkraliðar í 7,1 stöðugildi. Starfsfólkið býr flest í Grindavík, en nokkrir sjúkraliðanna eiga heima í Keflavík.

„Við höfum lagt áherslu á að ófaglærða fólkið komi héðan úr bænum, deildin er þá um leið atvinnuskapandi í byggðalaginu,” segir Edda Bára.

Nokkuð er um að starfsfólkið sækir í frekara nám. Tveir sjúkraliðar eru búnir að klára sérnám í hjúkrun aldraðra, einn er á leið í hjúkrunarnám og annar ætlar að fara í nám í fótaðgerðarfræði. Þrír ófaglærðir starfsmenn eru á leið í sjúkraliðanám, og þrír sjúkraliðanemar hafa nýlega verið í verknaði í Víðihlíð.

„Við sjúkraliðarnir höfum alltaf haft töluvert sjálfstæði hérna,” segir Ásla Fossádal, en hún hefur lokið sérnámi í hjúkrun aldraðra. „Við stöndum til dæmis einar á vakt á kvöldin og nóttunni, með hjúkrunarfræðinginn á bakvakt.”

En þeir tveir sjúkraliðar í Víðihlíð sem lokið hafa sérnáminu og geta því tekið að sér veigameiri verkefni en áður, hafa ekki nýst sem skyldi.

„Á svona stað þarf að hlaupa í margvísleg verkefni sem upp koma hverju sinni,” segir Ásla Fossádal. „En auðvitað erum við ekki sáttar við að nýtingin á okkur sé ekki eins og menntunin gefur tilefni til, við eigum að geta hjálpað þeim miklu meira en við gerum.”

# Heimilisleg dagdvöl fyrir aldraða

„Dagdvöl aldraðra í Reykjanesbæ hefur leyfi fyrir nítján einstaklinga og á síðasta ári nýttu samtals 48 eldri borgarar þessa þjónustu,” segir Inga Lóa Guðmundsdóttir, sjúkraliði, forstöðumaður Dagdvalarinnar. „Við miðum þjónustuna við hvern einstakling og gerum allt sem hægt er til að fólkinu líði vel hjá okkur í heimilislegu umhverfi.”

Dagdvöl aldraðra við Suðurgötu 12-14 í Keflavík hóf starfsemi árið 1992 og var Inga Lóa ráðin forstöðumaður í upphafi.

„Fyrsta árið höfðum við leyfi hjá heilbrigðisráðuneytinu fyrir tíu einstaklinga,” segir Inga Lóa. „Þá var starfsemin í litlum hluta þess húsnæðis sem við höfum núna, eða þar sem áður var húsvardaribúð. Flestir spáðu því að eldri borgarar hefðu lítinn áhuga á þessari þjónustu, en reyndin varð önnur. Það fylltist allt hjá okkur strax. Árið eftir sóttum við um fleiri leyfi til að geta annað eftirspurninni og fengum þrjú leyfi í viðbót árið 1994 þegar Keflavík og Njarðvíkur sameinuðust í eitt sveitarfélag, og um leið fengum við meira pláss í húsinu. Núna höfum við leyfi fyrir 19 manns alla virka daga og þar af eru fjögur pláss ætluð heilabliðum eða minnissjúkum einstaklingum.”

## Meðalaldur 78 ár

„Þjónustan felst í því að fólki er ekið til og frá heimili sínu á morgnana og fær herna morgunverð og aðstoð við athafnir daglegs lífs,” segir Inga Lóa. „Það fær heitan mat í hádeginu og síðan er boðið upp á tómstundastarf, líkamsrækt og ýmsa aðra þjónustu. Við förum mikið í gönguferðir, enda umhverfið vel til þess fallið, og stundum skreppum við saman á kaffihús.

Dagdvölin er liður í því að gera öldruðum kleift að búa sem lengst í heimahúsum. Hér er leitast við að viðhalda sjálfstæði einstaklingsins eins lengi og kostur er með því að styrkja líkamlega og vitsmunalega hæfni, rjúfa félagslega einangrun og efla þátttöku hvers og eins í daglegum athöfnum. Við leggjum áherslu á heimilislegt og notalegt andrúmsloft.”

Á árinu 2004 nýttu 48 einstaklingar sér þjónustu Dagdvalarinnar, en það var nær 11% aukning frá árinu áður. Þar af voru sex sem komu einungis á matmálistímum.



Á myndinni eru fjórir vindbarðir sjúkraliðar á túninu fyrir framan Dagdvöl aldraðra í Reykjanesbæ: Bergþóra Vilhelmsdóttir, Inga Lóa Guðmundsdóttir, Jónína Skarphéðinsdóttir og María Helgadóttir. Myndir: EJ

Meðalaldur alls hópsins var 78 ár, en karlarnir voru yfirleitt eldri. Meðalaldur þeirra var 80 ár en kvennanna 76 ár. Karlar voru í meirihluta því 19 konur sóttu Dagdvölinu í fyrra en 29 karlar.

Af þeim 48 einstaklingum sem sóttu Dagdvölinu á árinu nutu 29 enn þjónust-

unnar í árslok, en tólf höfðu fengið vistun á hjúkrunar- og/eða dvalarheimili, þrír fóru til langdvalar á sjúkrahús og fjórir hættu.

## Starfsemin stendur undir sér

Dagdvölin er rekin á vegum Reykjanesbæjar sem sér um rekstur húsnæðisins, þar á meðal ræstingu og viðhald. Tryggingastofnun ríkisins greiðir daggjald fyrir hvern einstakling og þeir sjálfir 600 krónur á dag.

„Okkur hefur alltaf tekist að láta starfsemina standa undir sér,” segir Inga Lóa. „Heildarkostnaður Reykjanesbæjar við Dagdvöl aldraðra var í fyrra rúmlega 3.1 milljón króna. Að undanfögnu höfum við haft átta starfsmenn í sex stöðugildum. Þar af höfum við verið fjórir sjúkraliðarnir.”

Stórhuga áætlanir eru á Suðurnesjum um uppbyggingu fjölbreyttrar aðstöðu fyrir aldraðra þar sem nú er íþróttasvæði við Stapa í Ytri-Njarðvík. Stefnt er að því að þar risi 90 rúma hjúkrunarheimili, öryggisíbúðir fyrir aldraða og þjónustumiðstöð.

„Þarna á að vera miðstöð þjónustu fyrir aldraðra á svæðinu í framtíðinni, þar á meðal dagvistunina,” segir Inga Lóa. „Framkvæmdir við fyrsta áfanga eiga að hefjast fljótlega, en það tekur nokkur ár að ljúka þeim. Við verðum því hér við Suðurgötuna í einhver ár til viðbótar, enda líkar okkur vel að vera á þessum stað.”

## Dagdvöl aldraðra

**Dagdvöl aldraðra í Reykjanesbæ er ætluð öllum 67 ára og eldri sem búa í bænum. Markmið starfseminnar er:**

Að viðhalda sjálfstæði einstaklingsins eins lengi og kostur er með því að styrkja líkamlega og vitsmunalega hæfni hans og þannig stuðla að því að hann geti búið sem lengst heima.

Að rjúfa félagslega einangrun og efla þátttöku í daglegum athöfnum.

Að hver dagur verði þægilegur og ánægjulegur.

Að efla sjálfstraust, draga úr vanlíðan og vanmáttarkennd.

Starfsfólk mun leitast við að veita öryggi og sinna þörfum hvers og eins.



## VINNUSTAÐURINN



Sjúkraliðar á Garðvangi. Frá vinstri: María Elisabet Balsic, Sigurveig Long, Hafdís Lára Halldórsdóttir, Jóhanna Berglind Kristjánsdóttir, Ólöf Björgvinsdóttir, Gunnvör Sverrisdóttir. Á myndina vantar fimm sjúkraliða sem vinna á hjúkrunarheimilinu. Myndir: EJ

# Mjög stolt af hópnnum sem starfar hérna

segir Aðalheiður Valgeirsdóttir, hjúkrunarforstjóri á Garðvangi

„Fyrir nokkrum árum var sú stefna mótuð af stjórnvöldum að aldraðir ættu að búa heima hjá sér eins lengi og þeir mögulega geta. Þetta hefur gengið eftir, meðal annars vegna þess að heimaþjónustan var eflað verulega. Af þessum sökum kemur fólk veikara og veikara inn á hjúkrunarheimilin í landinu, og þá líka til okkar á Garðvangi,” segir Aðalheiður Valgeirsdóttir, hjúkrunarforstjóri Dvalarheimila aldraðra á Suðurnesjum.

Það eru sveitarfélögin á Suðurnesjum, önnur en Grindavík, sem standa að Dvalarheimili aldraðra á Suðurnesjum, eða D.S. og reka hjúkrunarheimilið Garðvang í Garði og Hjúkrunar- og dvalarheimilið Hlévang í Keflavík. Reykjanesbær er stærsti eigandinn með rúmlega 70% eignaraðild.

## Í upphafi verbúð

Garðvangur í Garði á sér langa sögu. Elsta húsnæðið var byggt sem verbúð á sínum tíma, en sveitarfélagið keypti húsið fyrir um þrjátíu árum breytti

því í dvalarheimili fyrir aldraðra. Síðan hefur verið byggt við húsið í áföngum.

„Það var árið 1985 sem Garðvangur varð alfarið að hjúkrunarheimili,” segir Aðalheiður. „Við búum að upprunanum að því leyti að það voru allt einbýli hér í byrjun. Við höfum hér 27 einbýli, en heimilið tekur 41 vistmann og er sá elsti 101 árs. Við erum einnig með stærri einbýli í nýrri hluta hússins, en þar eru einnig tvíbýli og fáein þrúbýli. Það standa fyrir dyrum breytingar á húsnæðinu, meðal annars í því skyni að hver og einn einstaklingur fái meira pláss. Við höfum of lítið rými á mann samkvæmt þeim kröfum sem nú eru gerðar. Hins vegar er heimilið

mjög vel tækjum búíð, okkur skortir ekkert í þeim efnum, nema hvað eftir er að endurnýja stóran hluta af rúmum.

Í nýrri hluta hússins er einnig stór og bjartur salur sem er mikið notaður. Hér eru til dæmis félagsstarf í gangi fjóra daga í viku. Í salnum er líka góð aðstaða til að halda fræðslufundi fyrir starfsfólk og aðstandendur. D.S. stóð fyrir slíkri fræðslu fyrir starfsfólk Garðvangs og Hlévangs um hin ýmsu málefni í tvö ár, meðal annars um heilabilun, heyrnarskerðingu/hjálpartæki, sjóntækjamál og Parkinsonveiki. Allt fræðsluefnið var mjög gagnlegt og opnaði augu okkar allra fyrir ýmsu sem betur mátti fara. Þá hvetjum við einnig fjölskyldur vistmanna til að nota salinn, þegar komið er í heim-sóknir, svo og til að halda upp á afmæli, og það er mjög vinsælt.”

Rétt ofan við Garðvang eru nokkrar íbúðir sem bærinn hefur látið byggja fyrir aldraða. Sveitarfélagið kaupir mat fyrir íbúana þar af eldhúsi Garðvangs, en að öðru leyti er ekkert samstarf þar á milli.

*„Stelpurnar sem starfa hérna eiga heiður skilið fyrir framgöngu sína.“*



## VINNUSTAÐURINN

**Breytingar framundan**

Samkomulag hefur náðst um verulega uppbyggingu öldrunarmála á Suðurnesjum á næstu árum. Það mun einnig hafa breytingar í för með sér fyrir Garðvang.

„Uppbygging þessi verður á vegum Dvalarheimila aldraðra á Suðurnesjum og er í meginatriðum þríþætt,” segir Aðalheiður. „Í fyrsta lagi er ákveðið að byggja nýtt hjúkrunarheimili í Njarðvík, þar sem nú er íþróttasvæði. Þar á að rísa 30 rúma hjúkrunarheimili í byrjun með stækkunarmöguleika í allt að 90 rúma heimili, en einnig verður þar miðstöð fyrir þjónustu við aldraða á svæðinu. Í öðru lagi verður tíu pláss-um á Hlévangi breytt í hjúkrunarrými, og er þegar búið að breyta sjö þeirra. Í þriðja lagi verða gerðar verulegar endurbætur á húsnæði Garðvangs til þess að auka rými hvers vistmanns og bæta þar aðstöðu að öðru leyti. Þær breytingar hafa í för með sér að hjúkrunarrýmum á Garðvangi fækkar sennilega um tíu.”

Þessar breytingar eiga ekki aðeins að leysa úr brýnni þörf fyrir hjúkrunarrými, heldur einnig að auka hagkvæmni í rekstri.

„Það er almennt talið að 60-80 rúma hjúkrunarheimili sé mun hagkvæmari rekstrareining,” segir Aðalheiður. „Þegar fyrsta álma nýja heimilisins í Njarðvík kemst í gangið árið 2007 verður Dvalarheimili aldraðra á Suðurnesjum einmitt með einingu af þeirri stærð.”

**Starfið þyngst með árunum**

Ellefu sjúkraliðar starfa núna á Garðvangi í átta stöðugildum og þeir búa víða á Suðurnesjum, svo sem í Sandgerði, Garði, Keflavík og Njarðvík.

„Það hlýtur að vera gott að starfa hérna því ég er búin að vinna hér í tuttugu ár,” segir Ólöf Björgvinsdóttir, en hún var fyrsti sjúkraliðinn sem kom til starfa á Garðvangi. En þar vinna líka nokkrir sjúkraliðar sem hafa nýlega lokið námi.

Á liðnum árum hefur mikið til sama starfsfólkið unnið á heimilinu, en að sögn sjúkraliðanna er það að breytast meðal annars vegna þess að unga fólkið sækir í meira nám. Á Garðvangi eru



Gunnvör Sverrisdóttir, sjúkraliði, Aðalheiður Valgeirsdóttir, hjúkrunarforstjóri, og Jóhanna Berglind Kristjánsdóttir, sjúkraliði.

tvær svokallaðar námsstöður, en í því felst að viðkomandi starfsmenn vinna einungis á kvöldvöktum og geta því sótt skóla á daginn.

Garðvangur er hjúkrunarheimili í mörgum álum með langa ganga, þar sem húsið var ekki í upphafi byggt til þeirra starfsemi sem nú er í gangi. Til að komast til móts við hinn aldraða er starfsfólk meira að vinna á sömu göngum til lengri tíma og komið er þannig til móts við einstaklingshæfða þjónustu við hinn aldraða. Sjúkraliðunum ber saman um að starfið hafi þyngst mjög mikið með árunum. Það er vegna þess að þegar aldraðir koma inn á Garðvang eru þeir bæði mun eldri og veikari en áður var. Í upphafi var meira en helmingur vistmanna meira og minna sjálfbjarga, en núna eru þeir allir hjúkrunarsjúklingar og þurfa því

mun meiri umönnun. Margir þjást af heilabilun á einhverju stigi og vegna þessa er heimilið læst.

Sjúkraliðarnir segja að vinnuandinn á Garðvangi sé mjög góður og að heimilisfólkið fái góða umönnun. Reynt sé að láta vistmenn æfa sig eins og hægt sé og boðið upp á handverk og félagsstarf af ýmsu tagi. Fyrir jólin er líka skroppið til Keflavíkur til að sjá jólaljósina, og á sumrin drukkjið kaffi og grillað úti í garði í góðu veðri.

Af félagslífi starfsfólksins er það meðal annars að segja að árlega er efnt til haustfagnaðar og farið í vorferð.

„Ég er mjög stolt af hópnum sem starfar hérna,” segir Aðalheiður, „og þá ekki síst að sjá allar þessar ungu konur að vinna við umönnun aldraðra. Stelpurnar sem starfa hérna eiga heiður skilið fyrir framgöngu sína.”



Hjúkrunarheimilið Garðvangur í Garði er rekið af Dvalarheimili aldraðra á Suðurnesjum.

# Fyrirkomulag fæðingarorlofs

Að gefnu tilefni er athygli kvenna sem starfa á kjörum opinberra starfsmann og hafa eignast barn/börn eftir 1. janúar 2001 vakin á rétti þeirra til bóta úr Fæðingar- og styrktarsjóði BSRB, BHM og KÍ. Einhver brögð kunna að vera á því að atvinnurekendum tilkynni sjóðnum **ekki** um að konur sem hjá þeim starfa fari í fæðingarorlof.

Konur á kjarasamningum opinberra starfsmanna eiga rétt á sérstakri viðbótargreiðslu úr Fæðingarorlofssjóði opinberra starfsmanna sem nemur mismuni á þeim launum sem þær áttu rétt á fyrir gildistöku laga um fæðingar- og foreldraorlof, en þau voru samþykkt í sumarbyrjun 2000 og tóku gildi 1. janúar 2001. Fyrir gildistöku laganna fengu konur á kjörum opinberra starfsmanna full laun í þrjá mánuði og föst laun í þrjá mánuði. Greiðslur úr Fjölskyldu- og styrktarsjóði BSRB, BHM og KÍ er ætlað að brúa þann mismun sem kann að vera á launagreiðslum til þessara kvenna eftir gildistöku laganna.

Vegna fyrirsögnar sem borist hafa um þessi réttindi kvenna hefur Gunnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjúkraliðafélagsins, tekið saman eftirfarandi útskýringar á meginreglum þar að lútandi.

## Hlutur einstaklings

Einstaklingur tilkynnir og semur við vinnuveitanda um töku fæðingarorlofs, hvenær það hefst og hvernig tilhögun á því verður.

Einstaklingur fyllir út sérstak eyðublað (tilkynningu) þar að lútandi í fjórri, þar sem vinnuveitandi tekur við sínu eintaki ásamt eintaki Fjölskyldu- og styrktarsjóðs og Fæðingarorlofssjóðs. Einstaklingurinn heldur sínu afriti.

Hvort foreldri á sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs í allt að þrjá mánuði vegna fæðingar, frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur. Þessi réttur er ekki framseljanlegur. Eina undanþágan frá framsali fæðingarorlofs er ef annað foreldrið andast áður en barnið nær 18 mánaða aldri. Færist þá réttur sem ekki hefur verið nýttur yfir til eftirlifandi foreldris.

Foreldrar eiga sameiginlegan rétt á þremur mánuðum til viðbótar sem annað foreldrið getur tekið í heild eða foreldrar skipt því með sér. Engin er skyldaður til að taka fæðingarorlof fyrir utan að móður er skylt að vera í fæðingarorlofi að minnsta



**Óheimilt er að segja starfsmanni upp vegna þess að hann hefur tilkynnt um töku fæðingarorlofs eða þegar hann er í fæðingarorlofi.**

kosti fyrstu tvær vikurnar eftir að barnið fæðist.

Réttur til fæðingarorlofs stofnast við fæðingu barns. Þó er konu heimilt að hefja töku fæðingarorlofs allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag.

Foreldrar eiga sameiginlegan rétt til lengingar fæðingarorlofs um þrjá mánuði fyrir hvert barn umfram eitt.

Sameiginlegur réttur er til þriggja mánaða fæðingarorlofs við andvana fæðingu eftir 22 vikna meðgöngu, en í tvo mánuði við fösturlát eftir 18 vikna meðgöngu.

Heimilt er að framlengja sameiginlegan rétt foreldra til fæðingarorlofs um allt að þrjá mánuði vegna alvarlegs sjúkleika barns sem krefst nánari umönnunar foreldris.

Ef veita þarf þungaðri konu leyfi frá störfum á hún rétt á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði eins og hún væri í fæðingarorlofi án þess að það skerði fæðingarorlofið eftir fæðingu.

Á meðan starfsmaður er í fæðingarorlofi reiknast sá tími sem starfstími og vinnur starfsmaður sér á meðan inn rétt til orlofstöku og lengingar orlofs samkvæmt kjarasamningum, starfsaldurshækkunar, veikindarétt, uppsagnarfrest og rétt til atvinnuleysisbóta.

*Ekki þarf að sækja sérstaklega um greiðslur úr Fjölskyldu- og styrktarsjóði BHM, BSRB og KÍ vegna mismunar á greiðslum samkvæmt lögum*

**Konur á kjarasamningum  
opinberra starfsmanna eiga  
rétt á sérstakri  
viðbótargreiðslu úr  
Fæðingarorlofssjóði opinberra  
starfsmanna.**

um og launum samkvæmt reglugerð um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins. Forstöðumaður sendir vottorð um starfskjör til Fjölskyldu- og styrktarsjóðs sem reiknar mismuninn og greiðir inn á reikning starfsmanns.

Til þess að tryggja sé að öll félagsleg réttindi haldist í fæðingarorlofi er nauðsynlegt að taka fram til hvaða stéttarfélags viðkomandi greiðir félagsgjöld. Það gerir umsækjandi með því að setja „X“ í viðkomandi reit á umsóknareyðublaðið hjá Tryggingastofnun ríkisins.

## Hlutur atvinnurekanda

Atvinnurekanda ber að framsenda afrit af tilkynningu starfsmanns um töku fæðingarorlofs til Fæðingarorlofssjóðs og Fjölskyldu- og styrktarsjóðs

Atvinnurekandi gerir upp sumarorlof að loknu barnsburðarleyfi.

Atvinnurekandi greiðir orlofs- og desemberuppbót í samræmi við kjarasamninga.

Launagreiðandi ábyrgist lífeyrisskuldbindingar vegna B-deildarfólks LSR

Atvinnurekandi sendir Fjölskyldu- og styrktarsjóði upplýsingar um launaforsendur miðað við núverandi réttindakerfi. Þetta ákvæði á einungis við um konur.

*Ráðningarsamband starfsmanns og atvinnurekanda er viðhaldið á orlofstímanum. Óheimilt er að segja starfsmanni upp vegna þess að hann hefur tilkynnt um töku fæðingarorlofs eða þegar hann er í fæðingarorlofi.*

## Hlutverk Fæðingarorlofssjóðs

Fæðingarorlofssjóður reiknar út þá upphæð sem greiða á viðkomandi einstaklingi í fæðingarorlofi og greiðir laun samkvæmt lögum um fæðingarorlof.

Fæðingarorlofssjóður dregur af staðgreiðslu til Ríkisskattstjóra og önnur lögboðin gjöld og stendur skil á þeim. Sjóðurinn heldur eftir lífeyrissjóðsgreiðslu launþega og stendur skil á henni ásamt mótframlagi til viðkomandi sjóðs

Fæðingarorlofssjóður stendur skil á greiðslum til stéttarfélagsins hafi launþegi merkt með „X“ í viðkomandi reit á umsóknareyðublaðið sitt til Tryggingarstofnunar.

Fæðingarorlofssjóður Tryggingastofnunar ríkisins sendir Fjölskyldu- og styrktarsjóði upplýsingar um einstakling (konur) í fæðingarorlofi.



# Sumardvöl á tíu stöðum

Í sumar býður orlofsnefnd Sjúkraliðafélags Íslands upp á sumardvöl á tíu stöðum um allt land, en að auki ódýra gistingu á Edduhótelunum, leigu á tjaldvögnum og dvöl í íbúðum á Spáni. Á næstu blaðsíðum birtir Sjúkraliðinn kynningu á þessum tíu sumarhúsum og íbúðum sem félagsmenn geta leigt í sumar, ásamt upplýsingum um verð og skilatíma umsóknar, en umsóknareyðublað fylgir blaðinu. Auk þess er gerð grein fyrir þeim reglum sem gilda um úthlutun gistidvalar og eins um orlofsrétt sjúkraliða.

## Vesturland

Sjúkraliðafélags Íslands býður upp á þrjá gististaði á Vesturlandi í sumar. Þeir eru:

- Sumarhús í Munaðarnesi, 7 manns.
- Íbúðarhús í Stykkishólmi, 4-6 manns.
- Sumarhús við Hellissand, 4-6 manns.

## Suðurland

Sjúkraliðum gefst í sumar kostur á að dvelja á þremur stöðum á Suðurlandi. Þessir staðir eru:

- Íbúð á Skógum, 8-10 manns.
- Sumarhús í Biskupstungum, 7-9 manns.
- Sumarhús við Kiðjaberg í Grímsnesi, 8-10 manns.

## Austurland

Sjúkraliðafélag Íslands gefur félagsmönnum sínum kost á að búa á tveimur stöðum á Austurlandi í sumar, sem er:

- Sumarhús á Héraði, 4-6 manns.
- Íbúðarhús á Seyðisfirði, 4-6 manns.

## Norðurland

Sjúkraliðum býðst sumardvöl á einum stað á Norðurlandi á komandi sumri. Þessi kostur er:

- Nýtt raðhús við Hamratún 26 á Akureyri, 6-8 manns.

## Reykjavík

Á höfuðborgarsvæðinu gefst sjúkraliðum kostur á að hafa sumardvöl á einum stað í sumar.

- Íbúð við Fellsmúla í Reykjavík.

Sjúkraliðafélagið býður félagsmönnum sínum marga gististaði þar sem hægt er að njóta sumardvalar í fögru íslensku umhverfi. Myndin sýnir eina af perlum íslenskrar náttúru, hverasvæðið í Haukadal, þar sem Strokkur gýs reglulega.

Mynd: Úlfar Harri Elíasson.



## Reglur um orlofs- punkta

Úthlutun á orlofshúsum og íbúð- um Sjúkraliðafélagsins er byggð á orlofspunktastöðu hvers og eins og fer fram í tölvu. Fyrir hvert ár sem greitt er í orlofssjóð félagsins ávinnur félagsmaður sér tvo orlofs- punkta eða stig.

Við úthlutun fækkar áunnum punktum eftir því á hvaða tíma sumars félagsmaðurinn leigir hús eða íbúð. Fyrstu tvær vikur sumars- ins kosta aðeins einn punkt, næstu fjórar vikurnar kosta fimm punkta, sex vikur yfir hásumarið kosta tíu punkta, næstu tvær þar á eftir fimm punkta og síðustu þrjár kosta aðeins einn punkt hver. Það kemur fram á umsóknareyðublaðinu hvað hver vika kostar marga punkta.

Samkvæmt sérstökum afskriftar- reglum ávinna félagsmenn sér aftur punkta sem þeir missa við úthlutun; þeir eru afskrifaðir um 20% á ári.

### Þannig færðu orlofspunkta

Sjúkraliðar ávinna sér orlofs- punkta sem hér segir:

- Með aðild að stéttarfélagi sjúkra- liða ávinnast tveir punktar á hverju ári í starfi.
- Leiga á húsi afskrifast um 20% á ári eftir leigu.

### Orlofspunktar fyrir leigu

Leiga kostar mismunandi marga orlofspunkta eftir tímabilum:

- Vor- og haustleiga kostar einn punkt.
- Fyrri og síðari hluti sumars kost- ar fimm punkta.
- Leiga um hásumar kostar tíu punkta.
- Leiga um páska er á sérstakri skrá.
- Hver gistimiði kostar einn punkt, mest sjö punkta.
- Leiga á tjaldvagni kostar helm- ingi færri punkta en leiga á sum- arhúsi eða íbúð.
- Ekki eru notaðir refsipunktar þó hætt sé við leigu með skömmum fyrirvara.

# Leigugjöld árið 2005



Fátt er skemmtilegra en að busla í fossandi íslenskri náttúru að sumarlagi.

Í sumar er tvenns konar verð fyrir sumarhús sem Sjúkraliðafélagið leigir út í sumar. Annars vegar fyrir stór hús, hins vegar lítil hús.

Stór hús eru þessi: Raðhúsið við Hamratún 26 á Akureyri. Íbúðirnar að Fellsmúla 16, Reykjavík, og Skógum undir Eyjafjöllum. Sumarhúsin í Munaðarnesi, Biskupstungum og Grímsnesi sem öll státa af heitum pottum.

Lægra verð er fyrir lítil hús, en það eru sumarhúsin í Stykkishólmi, á Hellissandi, Héraði og á Seyðisfirði.

Verðhækkun milli ára er í samræmi við hækkun byggingarvísitölu, það er 5.9%.

### Vorleiga 2005:

Lítill hús 14.000 krónur en stór hús 16.000 krónur, frá 13. maí til 17. júní.

### Sumarleiga:

Lítill hús 16.000 krónur en stór hús 18.000 krónur, frá 17. júní til 5. ágúst.

### Haustleiga:

Lítill hús 14.000 krónur en stór hús 16.000 krónur, frá 5. ágúst til 9. september.

### Leiga á tjaldvagni:

10.500 krónur fyrir 6 daga, frá 17. júní til 25. ágúst.

### Gistimiðar á Edduhótelum:

3.500 krónur hver miði fyrir nóttina í tveggja manna herbergi með handlaug, mest sjö miðar á mann.

## Enn lausar íbúðir á Spáni

Enn er nokkrar vikur lausar í orlofsíbúðunum á Spáni sem Sjúkraliðafélag Íslands gefur félagsmönnum kost á í sumar. Um er að ræða tveggja vikna sumarleyfisdvöl á hag- stæðu verði.

Tveir dvalarstaðir eru í boði, í Calpe norðan við Benidorm og í Torrevieja sem er sunnan við Alicante. Í Calpe er boðið upp á tvær íbúðir, og kostar sú stærri 65 þúsund fyrir vik- urnar tvær en sú minni 50 þúsund. Í Torrevieja er ein íbúð sem kostar 50 þúsund. Flugfar milli Keflavíkur og Alicante kostar 28.000 á manninn. Sé flug keypt eftir 12. mars hækkar farið um 2000 krónur. Allar íbúðirnar eru með loftkælingu.

Sömu úthlutunarreglur gilda fyrir dvöl í sumarhúsi á Spáni og um sumarleigu á Íslandi, nema hvað dvölin kostar tvöfalt fleiri punkta vegna lengri dvalar (tvær vikur í stað einnar).

Seyðisfjörður:

# Nýr valkostur í sumar

Það er nýjung í sumar að sjúkraliðum gefst kostur á að dvelja í sumarhúsi við Árstíg í Seyðisfirði. Í húsinu er svefnpláss fyrir 4-6. Húsið er á fallegum stað við Fjarðará sem rennur gegnum kaupstaðinn. Heimilt er að hafa með sér hund.

Seyðisfjörður er þekktur fyrir gömlu norsku húsin sem setja mikinn svip á bæinn, enda er hann ýmist kallaður Norskibærinn eða Aldamótabærinn. Náttúrufegurð er mikil og margar vinsælar gönguleiðir út með firðinum, meðfram Fjarðará eða upp á ögrandi fjöllin. Unnið hefur verið markvisst að því að merkja gönguleiðirnar.

Lista- og menningarlíf stendur í blóma á Seyðisfirði. Listahátíðin „Á seyði“ er árlegur viðburður á sumrin og lifgar upp á bæjarbraginn. Alla miðvikudaga er boðið upp á tónleika í Bláu kirkjunni, og listsýningar eru í Skaftelli. Ennfremur er efnt til Listahátíðar ungs fólks og Norskra daga.

Í bænum er sundlaug. Þar er líka níu holu golfvöllur og hægt er að komast í silungsveiði gegn hóflegu gjaldi. Kajak fylgir húsinu fyrir þá sem hafa áhuga á að róa út á fjörðinn. Og það er vikulegur viðburður í bænum þegar ferjan Norræna siglir inn fjörðinn á fimmtudagsmorgnum. Þá er Seyðisfjörður vel í sveit settur ef skoða á Austurland, því þaðan er aðeins 15-20 mínútna akstur upp að Egilsstöðum.

Þeim sem vilja kynna sér allt það sem stendur ferðamönnum til boða í bænum skal bent á heimasíðu Seyðisfjarðar - [www.sfk.is](http://www.sfk.is) - en þar er margar gagnlegar upplýsingar að finna.



Gul- og rauðmálaða sumarhúsið á Seyðisfirði stendur á fallegum stað við árbakkann.

## Síðustu skil 6. maí

Umsóknir um dvöl í sumarhúsum félagsins þurfa að hafa borist skrifstofu Sjúkraliðafélags Íslands 6. maí 2005. Úthlutun á að ljúka fyrir 10. maí og verður öllum umsækjendum svarað skriflega.

Greiðslum fyrir húsin og frágangur leigusamninga þarf að vera lokið fyrir 7. júní. Að öðrum kosti áskilur orlofsnefnd félagsins sér rétt til að falla frá úthlutun og endurleigja þær orlofsvikur sem ekki hefur verið gengið frá á fullnægjandi hátt. Leigugjald fyrir sumarhúsin í maí og fyrstu vikuna í júní þarf að greiða eigi síðar en viku fyrir brottför.



Í höfuðstað Norðurlands hefur Sjúkraliðafélagið fest kaup á íbúð í nýju raðhúsi að Hamratúni 26. Húsið var enn í smíðum þegar þessi mynd var tekin, en íbúðin verður afhent félaginu 20. maí næstkomandi.

Akureyri:

# Nýtt raðhús við Hamratún

Sjúkraliðafélag Íslands hefur gengið frá kaupum á íbúð í tæplega eitt hundrað fermetra raðhúsi við Hamratún 26 á Akureyri. Íbúðin, sem verður afhent til notkunar 20. maí, hefur svefnpláss fyrir 6-8 manns og verður búin öllum helstu nútíma heimilistækjum.

Akureyri er höfuðborg Norðurlands og bæði þar og í næsta nágrenni geta allir fundir sér eitthvað við sitt hæfi til skemmtunar og fróðleiks. Í bænum eru mörg veitingahús og verslanir, bæði stórar og smáar, ýmist við göngugötuna í miðbænum eða í stórverslunum.

Eyja fjörðurinn er rómaður fyrir feðurð og einstaka veðurblíðu. Allt svæðið beggja vegna fjarðarins er gróðursælt og heillandi. Þar er hægt að fara í sund eða siglingar og spila golf, en golfvöllur er við hliðina á nýja raðhúsinu. Gönguferðir um bæinn og næsta nágrenni hans, ekki síst um Lystigarðinn og Kjarnaskóg, svikja engan.

Akureyri er gjarnan tengd menningu og listum og ekki af ástæðulausu. Leiklistarlíf er blómlegt og boðið upp á sýningar af ýmsu tagi. Frá Akureyri er tilvalið að fara í dagsferðir ekki aðeins um blómlegt Eyjafjarðarsvæðið heldur einnig inn í Svarfaðadal að vestanverðu og austur að Mývatni. Eins er hægt að sigla til nærliggjandi eyja. Ferjan til Hríseyjar leggur upp frá Árskógströnd út í Hrísey og fara þarf til Dalvíkur til að ná ferjunni til Grimseyjar.

## Mest aðsókn í júlí og ágúst

Rétt er að vekja athygli félagsmanna á því að miðað við fyrri reynslu eru margfalt fleiri umsóknir um leigu á sumarhúsunum í júlí og ágúst en hægt er að anna.

Því skal bent á að mun meiri líkur eru á úthlutun ef sótt er um sumarhús eða íbúð fyrri eða seinni hluta sumarsins.



## Suðurland: Sigurhæð í Biskupstungum

**Sigurhæð, sumarhúsið félagsins í Biskupstungum, er í landi Úthlíðar í Árnassýslu, 15 kílómetrum fyrir austan menningar- og menntasetrið að Laugavatni.**

Bústaðurinn er heilsárhús og búinn eins og best verður á kosið. Herbergin er þrjú. Í tveimur þeirra eru tvíbreið rúm, auk þess er í öðru 90 sentimetra breið kaja, og í því þriðja eru tvær kojur. Sængur og koddar eru fyrir sjö manns, auk þessa fylgir barnarúm, barnastóll og tvær dýnur, en engin sængurver. Umhverfis húsið er 70 fermetra verönd með heitum potti og gufubaði.

Húsið stendur í kjarrivöxnu landslagi. Þaðan er gott útsýni yfir Biskupstungurnar. Á staðnum er þjónustumiðstöð, verslun, sundlaug, golfvöllur og hestaleiga. Ennfremur samkomusalur þar sem boðið er upp á veitingar. Þar eru ídulega um helgar dansleikir við undirleik hljóðfærleikara.

Víða er hægt að komast í veiði, til dæmis í Brúará, og í sund. Í næsta nágrenni eru fjölmargar skemmtilegar lengri eða skemmri gönguleiðir. Um skamman veg er að fara að Skálholti, Gullfossi, Geysi og Flúðum, en þar er fjölbreytt þjónusta og gróðurhús. Á Laugavatni er íþróttasvæði, sundlaug og landspekkt gufubaði. Við Hvítá er boðið upp á ofurhugasiglingu um strengi og flúðir árinna, svokallað „Rafting“ sem mörgum þykir áhugavert ævintýri.



Sigurhæð, sumarhús félagsins í landi Úthlíðar í Biskupstungum.



Sumarhús Sjúkraliðafélagsins að Kiðjabergi í Grímsnesi.

## Kiðjaberg: Stórt sumarhús

**Sjúkraliðafélag Íslands býður félagsmönnum sumardvöl í bústað sínum í landi Meistarafélags húsmiða að Kiðjabergi í Grímsnesi, en þangað er aðeins um 75 kílómetra leið frá Reykjavík.**

Um er að ræða heilsárs hús sem er 81 fermetri að stærð, með þremur svefnherbergjum, stofu, borðkrók og eldhúskrök. Svefnaðstaða er fyrir 8-10 manns, þar af fyrir tvo á dýnum. Sængur og koddar eru átta auk barnarúms. Umhverfis húsið er 80 fermetra verönd með heitum potti fyrir 4-6 með nuddstútum og lofti.

Þessi glæsilegi gististaður er algjört kjörlandi fyrir golfáhugamenn, útivistarfólk og áhugafólk um veiði. Golfvöllurinn að Kiðjabergi er níu holur og verið að stækka hann í 18 holur. Við völlinn er líka sex holu „par 3 völlur“ sem er mjög góður fyrir byrjendur og gott æfingarsvæði.

Hægt er að fá veiðileyfi í Hvítá fyrir landi Kiðjabergs gegn vægu gjaldi og fría silungsveiði í Hestvatni. Stutt er í sundlaug, hestaleigu og níu holu golfvöll að Hraunborgum, en þangað eru um fjórir kílómetrar. Um landið liggja víða fallegar gönguleiðir með miklu víðsýni til jökla og hafs.

Kiðjaberg er vel staðsett á Suðurlandi. Um 20 mínútna akstur er að Selfossi og örskammt í verslun og bensín að Minni Borg. Afleggjarinn frá Þjóðvegi að heimtröðinni að bústaðnum er malbikaður.

Eins og flestum er kunnugt er fjölmargt að skoða á Suðurland, og má þar nefna Kerið í Grímsnesi, Gullfoss og Geysi, virkjanirnar í Soginu, Þingvelli, Laugavatn og Skálholt svo fátt eitt sé talið.

## Tjaldvagnar til leigu

Sjúkraliðafélagið býður félagsmönnum tjaldvagna til leigu í sumar, sex daga í senn. Vagnarnir eru með búnað fyrir 4-6 manns.


Tjaldvagnarnir eru rúmgóðir, léttir í drætti á þjóðvegnum, einfaldir og fljótlegir í uppsetningu. Þeim fylgir borð, fjórir stólar og gashitari.

Tjaldvagnar er leigðir í sex daga, frá föstudegi til fimmtudags, og þarf að skila þeim fyrir kl. 15:00 á fimmtudegi.



Tjaldvagn af því tagi sem sjúkraliðum býðst til leigu í sumar.

## SUMARORLOF

	Stærð húsa u.þ.b. í m <sup>2</sup>	Svefnpláss	Sængur/koddar	Sængurföt fylgjja	Sængurf. gegn greiðslu	Barnarúm	Barnastóll	Sturta	Baðkar	Eldavél	Bakarofn	Borðbúnaður	Órbyljuofn	Hreinlætisvörur <sup>a</sup>	Þvottavél / þurrkari	Útvarp m/geislaspillara	Sjónvarp	Myndbandstæki/DVD	Kolagrill / Gasgrill	Heitur pottur
Akureyri, íbúð Hamratún 26 S	99	6/8	6	Nei	Nei	Já	Já	Já	Nei	Já	Já	12	Já	Nei	Já	Já	Já	Já	G	Nei
Ásholt á Héraði L	37	4/6	6	Nei	Nei	Já	Já	Já	Nei	Já	Já	8	Já	Nei	Nei	Já	Já	Nei	G	Nei
Fagrahlíð Stykksh. L	67/57	4/6	6	Nei	Nei	Já	Já	Já	Nei	Já	Já	10	Já	Nei	Já	Já	Já	Nei	G	Já
Fellsmúli 16, íbúð Reykjavík S	86	6/8	8	Nei	Já	Já	Já	Já	Nei	Já	Já	12	Já	Já	Já	Já	Já	Já	G	Nei
Hruni, Hellissandi L	45/30	4/6	6	Nei	Nei	Já	Já	Já	Nei	Já	Já	10	Já	Já	Já	Já	Já	Nei	G	Nei
Kløjaberg S	81	8/10	8	Nei	Nei	Já	Já	Já	Nei	Já	Já	12	Já	Já	Nei	Já	Já	Nei	G	Já
Munaðarnes S	47	7	7	Já	Nei	Já**	Já	Já	Nei	Já	Já	8	Já	Já	Já**	Já	Já	Nei	G	Já
Seyðisfjörður L	40	4/6	6	Nei	Nei	Já	Já	Já	Nei	Já	Já	10	Já	Já	Nei	Já	Já	Nei	G	Nei
Sigurhæð, Biskupstungum S	67	7/9	7	Nei	Nei	Já	Já	Já	Nei	Já	Já	12	Já	Já	Nei	Já	Já	Nei	G	Já*
Skógar, íbúð S	130	8	8	Nei	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	12	Já	Já	Nei	Já	Já	Nei	K	Nei
Hótel miðar Tjaldvagn		4/6																		
* Gufubað																				
** Hjá umsjónarmanni																				

# Ódýrir gistimiðar á Edduhótelum

Félagsmönnum Sjúkraliðafélags Íslands stendur til boða að kaupa greiðslumiða til að borga fyrir gistingu á Edduhótelum í sumar. Hver miði kostar 3.500 krónur og gildir fyrir tvo í tveggja manna herbergi með handlaug í eina nótt, og felst mikill sparnaður í gistimiðakerfinu. Leyfilegt er að taka með sér börn í herbergi án þess að greiða aukalega ef fólk hefur svefnpoka eða rúmföt, en hótelin útvega þá dýnu. Ekki er innifalinn morgunverður.

Greiðslumiðana má nota á öllum Edduhótelunum 15 hringinn í kringum landið. Gestir sjá sjálfir um að bóka gistingu.

Ef gestir vilja gista í betur útbúnu herbergi en að framan greinir þarf að greiða aukagjald sem hér segir:

Gisting í herbergi m/baði kostar aukalega 4.100 krónur.



Edduhótelíð á Skógum.

Gisting í herbergi m/baði á Hótel Eddu Plus kostar aukalega 5.300 krónur. (Hótel Edda Plus eru Hótel Edda á Akureyri, Laugum í Sælingsdal, Hellissandi og Vík).

Morgunverður kostar 850 krónur á mann. Börn upp að fimm ára aldri fá frian mat, en 6-12 ára börn greiða hálf gald.

## Fimmtán Edduhótel

Edduhótelin er fimmtán. Þau eru opin í sumar sem hér segir:

ML Laugarvatn	10.júní	-	19.ágúst
ÍKÍ Laugarvatn	10.júní	-	22.ágúst
Skógar	09.júní	-	25.ágúst
Vík í Mýrdal	01.maí	-	30.sept.
Nesjaskóli	10.júní	-	20.ágúst
Neskaupstaður	12.júní	-	19.ágúst
Eiðar	14.júní	-	27.ágúst
Stóru Tjarnir	11.júní	-	20.ágúst
Egilsstaðir	01.júní	-	19.ágúst
Akureyri	18.júní	-	27.ágúst
Húnavellir	16.júní	-	19.ágúst
Laugarbakkí	13.júní	-	19.ágúst
Laugar Sælingsdal	01.júní	-	3.sept.
Ísafjörður	10.júní	-	19.ágúst
Hellissandur	12.maí	-	1.okt.



## SUMARORLOF



Sjúkraliðum gefst kostur á að gista í 130 fermetra íbúð í þessu tvíbýlishúsi að Skógum undir Austur-Eyjafjöllum.

## Skógar: Stór íbúð í tvíbýlishúsi

Á Skógum undir Austur-Eyjafjöllum býðst félögum Sjúkraliðafélags Íslands sumardvöl í fimm herbergja 130 fermetra íbúð á annari hæð í tvíbýlishúsi í Útgarði. Íbúðin er með öllum búnaði fyrir sex manns í rúmum (tvo í ferðarúmum), auk tveggja lausra dýna.

Á Skógum eru rekin tvö hótél, Hótel Edda í gamla skólahúsinu en að auki sérstakt lúxushótel fyrir ferðamenn. Bæði hótelin bjóða upp á veitingar fyrir gesti og gangandi, auk þess sem rekinn hefur verið veitingastaður í félagsheimilinu Fossbúa. Þar er sundlaug með heitum pottum.

Skammt frá Skógum, að Seljavöllum, er önnur sundlaug, og í gili þar skammt fyrir ofan gömul ungmennafélagslaug sem byggð var á sínum tíma af sjálfboðaliðum sem fyrirstaða heitrar lindar sem spratt út úr berginu. Þetta mannvirki er ómetanleg minning um það sem var og gaf lífinu undir Eyjafjöllum gildi umfram ýmsa aðra staði.

Skemmtilegar gönguleiðir eru víða í nágrenninu, til dæmis að Skógarfossi. Með því að leggja á brattan er hægt að finna upp með ánni fjölmarga aðra fallega fossa. Þá er þekkt gönguleið frá Skógum um Fimmvörðuháls yfir í Bása í Þórsmörk. Á bæjum í næsta nágrenni við Skóga er líka boðið upp á hestaferðir yfir í Þórsmörk og/eda til baka.

Frá Skógum er um 40 kílómetra akstur að Hvolsvelli, en þar er alla þjónustu og verslun að finna. Álíka langt er að Heiðarvatni í næsta nágrenni við Vík í Mýrdal og Reynisfjall. Fyrir þá sem gefnir eru fyrir ævintýraferðir er hægt að fara í snjósleðaferðir upp á Eyjafjallajökul.



Sumarhúsið Hruni við Hellissand á Snæfellsnesi.

## Hellissandur: Sumarhús við fuglaparadís

Hruni er sumarhúsi skammt austan og ofan við Hellissand á Snæfellsnesi, í göngufæri við þorpið. Bústaðurinn er 45 fermetrar að stærð og að auki með 30 fermetra svefnlofti. Svefnherbergi er með tvíbreiðu rúmi og barnaköju. Í stofu er tvíbreiður svefnsofi. Baðherbergi er með sturtu og þvottavél.

Umhverfi hússins er nánast ósnortin holt, lyngmóar og klettur. Fuglalíf er óvíða meira en á þessu svæði. Í holtunum kringum þorpið er eitt stærsta kríuvarp á landinu. Í skjóli krianna verpir fjöldi annarra fuglategunda.

Fyrir þá sem áhuga hafa á náttúrunni er óvíða á landinu boðið upp á sambærilega fjölbreytni til lands og sjávar. Í suðurátt blasir Snæfellsjökull við sjónum dvalargesta, í norðri er útsýni yfir Breiðafjörð með Barðaströnd og Látrabjarg í baksýn og sólarlagið er fagurt.

Stór hluti Snæfellsnessins er þjóðgarður. Þar er að finna fjölda náttúruperla sem gaman er að heimsækja og skoða nánar. Af áhugaverðum stöðum má nefna Búðir, Arnarstapa, Hellna, fuglabjargið á Svalþúfu, Lóndranga, Dritvík og Skarðsvík. Fjöruborðið í Skarðsvík er ljós ægisandur. Á sólardögum er hægt að vaða þar í hlýjum, notalegum og skvaldrandi sjávaröldum.



Íbúðarhúsið Fagrahlið í Stykkishólmi. Í þessu gamla uppgerða húsi er fallegt innan dyra, og á veröndinni er heitur pottur.

## Stykkishólmur: Íbúðarhúsið Fagrahlið

Sjúkraliðafélagið býður upp á orlofsdvöl í íbúðarhúsinu Fögruhlið í miðbæ Stykkishólms, sem er eitt fegursta bæjarstaði á Íslandi. Á jarðhæðinni er stofa, borðstofa, eldhús og baðherbergi, en í risi eru tvö svefnherbergi með rúmum fyrir fjóra gesti, auk fjögurra lausra dýna. Á verönd er heitur pottur og gasgrill.

Fagrahlið, sem er á horni Aðalgötu og Laufásvegur, er gamalt en nýlega endurbýtt timburhús, hæð og ris. Jarðhæðin er 67 fermetrar en hátt risið 57 fermetrar.

Í Stykkishólmi er mjög góð sundaðstaða með heitum pottum og rennibrautum fyrir börn og fullorðna. Góður golfvöllur er í Hólminum og merktar gönguleiðir. Veiðileyfi fást án endurgjalds í Bauluvallavatni og í Hraunfirði. Boðið er upp á siglingu milli eyja með fjölbreyttu fuglalífi og bragðað á nýveiddu sjávarfangi. Þá er daglega hægt að fara með ferjunni Baldri yfir á Barðaströnd með viðkomu í Flatey. Frá Stykkishólmi er líka farið í sívinsælar hvalaskoðunarferðir.

Hringferð um Snæfellsnes í góðu veðri er öllum ógleymanleg, því óvíða á landinu er meiri náttúruferð. Meðal fjölmargra náttúruundra á leiðinni má nefna Dritvík, Djúpálón, Hólahóla, Arnarstapa, Hellna og Búðir. Ekki er síður ástæða til að staldra við á Grundarfirði, í Ólafsvík, á Rifi og Hellissandi.

## SUMARORLOF



Sumarhús Sjúkraliðafélags Íslands í Munaðarnesi er Vörðuás 14. Hitaveita var lögð um allt orlofsheimilasvæðið á síðasta ári og fylgir því heitur pottur húsinu.

## Munaðarnes: Bústaður með heitum potti

Bústaðurinn sem stendur sjúkraliðum til boða í Munaðarnesi í Borgarfirði er við Vörðuás 14, sem er skammt fyrir ofan þjónustumiðstöð orlofsheimilasvæðis Bandalags starfsmanna ríkis og bæja (BSRB). Hitaveita hefur verið lögð um allt svæðið og fylgir því heitur pottur sumarhúsinu.

BSRB hefur rekið orlofsdvalarstað fyrir félagsmenn aðildarfélaganna að Munaðarnesi síðustu þrjá áratugi. Í þessu fagra héraði eru óþrjótandi möguleikar til að njóta landsins, hvort heldur að ganga í næsta nágrenni eða aka í bíl um dali Borgarfjarðar og Mýra eða vestur á Snæfellsnes.

Gönguferð á bökkum Norðurár er líka einstakur gleðigjafi því þar er margt sem gleður augað, svo sem flúðir og fossar árinna. Laxfoss og Glanni eru sannkallað augnakonfekt fyrir þá sem kunna að meta náttúruna og sama á við um Paradisarlaut. Allir þessir staðir eru í göngufæri við sumarhúsin.

Ferð að Hreðavatni er fyrirhafnarinnar virði þótt ekki sé ætlunin að fara þangað til veiða. Í hæðunum vestur af Hreðavatni er að finna gömul setlög með jurtalefum er segja sögu um allt annað veðurfar og gróðurfar en nú finnst hérlandis. Innri endi vatnsins er þjóðargersemi í eigu Skógræktar ríkisins. Þar ríkir mikil fegurð og friðsæld þótt skammt sé frá skarkala þjóðveganna. Það er því vel þess virði að nesti sig og njóta heilbrigðrar útiveru í skjólsælum skógarlundi við Hreðavatn eina dagsstund. Sundlaugar, hestaleigur og golfvelli er víða að finna í héraðinu.



Ásholt er í landi Strandar á Héraði.

## Hérað: Sumarhúsið Ásholt

Sjúkraliðum gefst kostur á sumardvöl í Ásholti, bústað í landi Strandar í Vallarhreppi á Héraði sem er miðsvæðis á Austurlandi. Bústaðurinn er skammt frá sumarhúsum verkalyðshreyfingarinnar á Einarstöðum og í næsta nágrenni við Úlfsstaði.

Bústaðurinn er 37 fermetrar að stærð með tveim svefnherbergjum, svefnlofti, eldhúsi og sólverönd með gasgrilli. Rúm með sængum og koddum, en án sængurvera, eru fyrir fjóra í herbergjum (kojur í öðru herberginu) og fyrir tvo í rúmunum á svefnlofti. Allur almennur búnaður til heimilishalds fyrir átta manns er til staðar í húsinu.

Héraðið er einn veðursælasti ferðamannastaður á landinu, enda býr svæðið yfir mörgum náttúruperlum sem eru þess virði að heimsækja. Nægir þar að nefna Atlavík, Hallormsstaðaskóg og Eiða.

Aðeins er um tíu mínútna akstur til Egilsstaða (11 kílómetrar). Þaðan er stutt til allra átta á Austurlandi, til dæmis um Njarðvíkurskriður til Borgarfjarðar eystri, eða yfir Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar sem lumar í skjóli hárra fjalla á fögrum og sérstæðum byggingum frá síldarárum Norðmanna á Íslandi og Wathnefjölkskyldunnar er setti svip sinn á bæjarlífið á fyrri tíð.

Hestaleigur eru víða á Héraði, nýleg sundlaug með rennibraut er á Egilsstöðum og níu holu golfvöllur á Ekkjufelli.

Nánasta umhverfið bústaðarins býður upp á nær óendanlega möguleika á gönguferðum um skóga, holt og hæðir.



Sjúkraliðar eiga þriggja herbergja íbúð í þessu húsi við Fellsmúla 16 í Reykjavík.

## Reykjavík: Þriggja herbergja íbúð í Fellsmúla

Í höfuðborginni gefst sjúkraliðum kostur á sumargistingu í þriggja herbergja íbúð að Fellsmúla 16 í Reykjavík og er íbúðin í næsta nágrenni við skrifstofu félagsins við Grensásveg. Svefnastaða er fyrir sex til átta manns, þar af fyrir tvo á dýnum.

Íbúðin, sem er á fyrstu hæð í glæsilegu fjölbýlishúsi, hefur verið lagfærð verulega síðustu misseri og er nú í mjög góðu ástandi. Hún er búin öllum helstu þægindum, svo sem síma, sjónvarpi og myndbandstæki. Allur búnaður fylgir í eldhúsi. Aðgangur er að velútbúnu þvottahúsi.

Fellsmúlinn er staðsettur við nafla Reykjavíkur og þaðan er auðvelt að komast á alla helstu staði borgarinnar. Örstutt er frá íbúðinni niður á strætisvagnstöðina við Grensásveg, eina af helstu skiptistöðvum vagnanna.



# Gildandi reglur um orlofsrétt þinn

Það er meginregla að allir launþegar eiga rétt á orlofi samkvæmt lögum um orlof. Hafi launþegi skipt um vinnu eða hafið nýtt starf á orlofsárinu rýrir það ekki rétt hans til orlofs. Hins vegar gæti starfsmaður átt rétt á launum hjá fyrri atvinnurekanda hafi hann ekki fengið þau greidd er hann lét af starfi.

Um orlof sjúkraliða gilda nánar tiltekið eftirfarandi reglur:

## Meginreglur um töku orlofs

- Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl.
- Orlofstími sjúkraliða er frá 15. maí til 30. september.
- Yfirmaður ákveður í samráði við starfsmenn hvenær orlof skal veitt. Honum er skylt að verða við óskum starfsmanns, verði því við komið.
- Orlof sem tekið er eftir á utan orlofstíma skal lengja um 25%. Sama gildir um orlof sem tekið er fyrir upphaf orlofstímans 15. maí, sé það gert að beiðni atvinnurekanda.
- Vinnuveitandi getur ekki látið orlof falla inn í uppsagnarfrestinn nema um það sé fullt samkomulag við starfsmann.

## Orlof talið í klukkustundum

- Skemmsta orlof fyrir fullt starf allt orlofsárið er 192 klukkustundir.
- Orlof starfsmanns sem náð hefur 30 ára lífaldri lengist um 24 klukkustundir og er 216 stundir.
- Orlof starfsmanns sem náð hefur 38 ára aldri lengist um aðrar 24 klukkustundir og er 240 stundir.
- Orlofið lengist ef tilskildum aldri er náð fyrir lok almanaksárs sumarorlofstímabils. Hinsvegar breytist prósentan eða upphæð orlofsfjár ekki fyrr enn um næstu mánaðarmót eftir að tilteknum aldri er náð.

## Talning orlofsdaga

- Starfsmaður sem unnið hefur hluta úr fullu starfi eða hluta úr ári skal fá orlof 16, 18 (við 30 ára aldur) eða 20 (við 38 ára aldur) vinnuskyldustundir fyrir fullt mánaðarstarf og hlutfallslega skemmra leyfi fyrir hluta úr mánuði.
- Við talningu orlofsdaga dagvinnumanns skal aðeins telja rúmhelga daga vikunnar.



Í meðfylgjandi grein er fjallað um þau ákvæði laga og kjarasamninga sem gilda um orlofsrétt launafólks.

- Orlof ávinnst ekki í launalausum leyfi.
- Orlof starfsmanns í hlutastarfi skal reikna til launa sem hlutfall af fullu orlofi. Orlofsdögum fækkar ekki.
- Launþegi á rétt á að minnsta kosti 160 klukkustunda orlofi eða 20 daga orlofi á sumarorlofstímanum, og allt að fullu orlofi verði því viðkomið.

## Frestun orlofs

- Ef launþegi getur af einhverjum óviðráðanlegum orsökum ekki tekið orlof á orlofstíma, á hann rétt á að geyma það til töku á næsta orlofsári.
- Starfsmaður sem beðinn er um að starfa í sumarleyfi sínu á að fá það greitt með yfirvinnukaupi, enda frestast ekki sá hluti orlofsins sem unninn er.

## Orlof vaktavinnumann/vetrarleyfi

- Orlof vaktavinnumanns er talið á sama máta og dagvinnumannsins. Starfsmaður sem vinnur á reglubundnum vöktum alla daga ársins getur valið að fá frí á óskertum föstum launum í 88 vinnuskyldustundir á ári miðað við fullt starf, og skal þá launa vinnu sem fellur á sérstaka frídaga og stórhátíðardaga með álagi.

*Ef þú getur ekki tekið orlof á orlofstíma af óviðráðanlegum orsökum, áttu rétt á að geyma það til töku á næsta orlofsári.*

- Falli sérstakur frídagur, samanber grein 2.1.4.2 í kjarasamningi, á rúmhelgan dag sem ekki er merktur vinnudagur í orlofi vaktavinnumanns sem fær „bætta daga“ greidda, skal starfsmaðurinn fá daginn bættan með 8 klukkustundum í yfirvinnu, eða sem hlutfall sé hann í hlutastarfi. Að öðrum kosti á hann rétt á öðrum frídegi í stað greiðslu.
- Hjá starfsmönnum sem fá 88 vinnuskyldustunda aukafri á ári (helgidagafri) vegna vinnuskyldu á sérstökum fríðögum, hvort sem slíkt frí er tekið í beinu framhaldi af orlofi eða á vetrartíma, lengist hvorki orlofið né aukafrið þótt sérstakur frídagur sé innan leyfistímans.
- Ef uppgjör helgidaga væri hins vegar skv. gr. 2.6.8 (yfirvinnugreiðsla), lengdist orlof um 8 klst. ef sérstakur frídagur er á leyfistímanum.
- Ef ekki er vinnuskylda á sérstökum frídegi sem ber upp á mánudag-föstudaga hjá starfsmanni sem fær helgidaguppgjör skv. gr. 2.6.8, skal bæta þann dag með 8 klst. í yfirvinnu miðað við fullt starf. Með samkomulagi má í stað greiðslu lengja orlofið sem þessu nemur.

## Orlofslaun og orlofsfé

- Orlofslaun skal reikna af allri yfirvinnu og álagsgreiðslum og koma til útborgunar ásamt vöxtum eftir 1. maí og/eða 1. júní ár hvert, hjá þeim banka sem tekið hefur að sér vörslu og ávöxtun á orlofsfé starfsmanns.
- Orlofsfé er 10.17%. Fyrir þá sem eru 30-38 ára er orlofsféð 11.59%, en hækkar við 38 ára aldur í 13.04%.

## Uppgjör orlofs við starfslok

Láti starfsmaður af störfum skal áunnið orlof gert upp og lagt inn á bankareikning. Gegn staðfestingu atvinnurekanda um starfslok getur starfsmaður fengið orlof sitt endurgreitt hjá þeim banka sem varðveitir og ávaxtar orlofsfé hans.

## Veikindi í orlofi

Orlof og veikindi fara ekki saman. Veikist launþegi í orlofi telst sá tími ekki til orlofs, enda sanni starfsmaður með

vottorði læknis að hann hafi ekki getað notið orlofsins vegna veikindanna. Starfsmaður skal tilkynna veikindi sín til atvinnurekanda eins fljótt og við verður komið, til að forðast eftirmála.

#### Lokun deilda á orlofstíma

Samkvæmt orlofslögum er heimilt að loka einstökum deildum og/eða stofnunum og veita öllum starfsmönnum vinnustáðarins orlof samtímis. Við slíkar aðstæður getur starfsmaður sem ekki hefur áunnið sér fullt orlof, krafist launa þá daga sem hann vantar upp á að hafa áunnið sér fullt orlof.

#### Orlofsuppbætur

Orlofsuppbót kemur til útborgunar 1. júní ár hvert. Umsamið orlofsfé var 10.200 krónur til þeirra starfsmanna sem voru í starfi 1. apríl næst á undan, fyrir fullt starf næstliðið orlofsár. Hafi samist fyrir 1. júní má gera ráð fyrir að orlofsuppbótin hækki í 21.800. Fyrir þá sem voru aðeins í hluta starfi eða hluta úr ári skal greitt hlutfall af umsaminni greiðslu.

Hafi starfsmaður látið af störfum og hafið töku eftirlauna á orlofsárinu skal hann fá greidda orlofsuppbót í hlutfalli við þann tíma sem hann starfaði og starfshlutfall sitt. Sama gildir um sjúkraliða sem látið hefur af störfum af öðrum ástæðum, enda hafi hann unnið að minnsta kosti þrjú mánuða/13 vikna samfelldt starf á orlofsárinu. Sama gildir ef starfsmaður var frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu stofnunar lýkur, eða vegna fæðingarorlofs allt að sex mánuðum.

#### Tryggingar í orlofi

Starfsmaður á kjörum opinberra starfsmanna er tryggður allan sólarhringinn vegna varanlegrar örorku eða dauða sem hlýst af völdum slyss, í samræmi við ákvæði 7. kafla í kjarasamningum.

#### Frestun og fyrning orlofs

Samkvæmt ákvæðum kjarasamninga opinberra starfsmanna er heimilt með samþykki yfirmanns að fresta töku orlofs til næsta orlofstökuárs. Ljúka þarf töku orlofs fyrra orlofsársins fyrir lok síðara orlofstökuársins, annars telst það fyrnt.

#### Ávinnsla orlofs í fæðingarorlofi

Á meðan starfsmaður er í fæðingarorlofi reiknast sá tími sem starfstími og vinnur starfsmaður sér á meðan rétt til orlofstöku og lengingar orlofs samkvæmt kjarasamningi, starfsaldurshækkana, veikindarétt, uppsagnarfrest og geymdan rétt til atvinnuleysisbóta, auk persónu- og orlofsuppbótar.

## Starf og skipulag Orlofsheimilasjóðs

Orlofsheimilasjóður Sjúkraliðafélags Ísland sér um að leigja, byggja og reka orlofshús fyrir félagsmenn. Um sjóðinn gilda sérstakar reglur sem aðeins má breyta á fulltrúabingi Sjúkraliðafélagsins, og skulu gilda sömu reglur um breytingu þeirra og um breytingu á lögum félagsins.

Efnisatriði þessara reglna eru í meginatriðum sem hér segir:

Orlofsheimilasjóður er í umsjá Orlofsheimila- og ferðanefndar félagsins og gerir hún tillögur um ráðstöfun hans til framkvæmdastjórnar félagsins. Sjóðsstjórnin er bundin af ákvörðunum framkvæmdastjórnar.

Orlofsheimilanefndin er kosin á fulltrúabingi SLFÍ til tveggja ára og skal vera tengiliður aðila sem tengjast sjóðnum, svo sem við stjórn félagsins, félagsmenn og aðra aðila sem hafa hagsmuna að gæta

Í nefndinni eru þrjú aðalmenn og einn til vara. Núverandi nefndarmenn eru: Jóhanna Svana Sigurvinsdóttir, Úlfheiður Ingvarsdóttir, Þórey Sigurðardóttir og Kristín Valdis Sigurðardóttir.

Úthlutun orlofshúsa og leigugjald fer eftir reglum sem Orlofsheimilanefndin ákveður og nánar er sagt frá hér í blaðinu. Leigjendur húsa bera ábyrgð á þeim og öllum búnaði þeirra, eins og kveðið er á um í leigusamningi.

Tekjur sjóðsins eru sammingsbundnar greiðslur ríkisins, Reykjavíkurborgar og annarra atvinnurekanda sem hafa félagsmenn SLFÍ í sinni þjónustu, auk leigutekna af húsum sem félagið hefur til ráðstöfunar. Í síðustu samningum hækkuðu þessar greiðslur upp í 0.30% af launum.

Orlofsheimilasjóður hefur sérstakt reikningshald og er undanþeginn fjárskuldbindingum félagsins. Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður og lagður fram til samþykktar á fulltrúabingi félagsins. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

## Reglur orlofsnefndar

Meðferð umsókna félagsmanna Sjúkraliðafélagsins um dvöl í orlofshúsum og íbúð eða leigu á tjaldvagni sumarið 2005 verður með hefðbundnum hætti, en um úthlutun á húsum félagsins gilda eftirfarandi reglur orlofsnefndar:

- Aðeins er úthlutað einni viku til umsækjanda hverju sinni, nema á Spáni.
- Úthlutun utan mesta álagstíma, í maí og september, skerða rétt sjúkraliða til orlofsdvalar í húsum félagsins minna en í júní, júlí og ágúst.
- Félagsmenn í stéttarfélagi sjúkraliða sem greitt er fyrir í orlofssjóð ganga fyrir úthlutun orlofshúsanna. (Atvinnurekandi greiðir 0.30% í orlofssjóð félagsins af launum sjúkraliða sem hjá þeim starfa.)
- Skuldlausir félagsmenn eiga kost á að sækja um úthlutað orlofshús.
- Leigutaki er ábyrgur fyrir húsi og húsbúnaði, sem hann hefur fengið úthlutað.
- Leigutaki er beðinn um að láta skrifstofu félagsins vita ef eitthvað hefur farið úrskeiðis í húsunum eða vantar á búnað þess. Lyklum ber að skila strax að leigu lokinni.
- Sumardvalarstaðir félagsins eru leigðir yfir sumartímamann frá föstudegi til föstudags og ber leigjanda að rýma húsnæðið í síðasta lagi kl. 15:00, eftir þann tíma getur nýr leigjandi gert ráð fyrir að komast að.
- Tjaldvagnar eru leigðir í sex daga frá föstudegi til fimmtudags og þarf að skila þeim fyrir kl. 15:00 á fimmtudegi.
- Félagsmenn geta keypt sér allt að sjö gistinguá á Hótel Eddu víðsvegar um landið. Miðinn gildir sem fullnaðargreiðsla fyrir tveggja manna herbergi, með handlaug, án morgunverðar. Greiða þarf viðbót fyrir herbergi með baði. Hver gistinguá kostar einn punkta, mest sjö punkta.
- Á Spáni er leigutímabil tvær vikur og gilda sömu reglur um úthlutun íbúðanna og hér á landi. Fyrir hverja úthlutun dragast þó af helmingi fleiri ávinnslupunktur þar sem lengri dvöl er úthlutað hverju sinni.
- Bannað er að hafa hunda eða önnur gæludýr með sér í orlofshúsin, að Seyðisfirði undanskildum.



# Hjúkrunarheimilin: Nær 80% vistmanna með heilabilun

Um 79% þeirra sem vistast í hjúkrunarrými eru með heilabilun á einhverju stigi, þar af eru 21% með væga heilabilun. Karlar þurftu að bíða að meðaltali 220 daga en konur 290 daga frá gerð vistunarmats til vistunar. Á fyrsta ári eftir vistunarmat létust 22% karla og 14% kvenna án þess að til vistunar kæmi.

Þetta kemur fram í nýrri rannsókn á 3417 einstaklingum sem gengust undir fyrsta vistunarmat á höfuðborgar-svæðinu á tímabilinu frá 1. janúar 1992 til 31. desember 2001, það er á tíu ára tímabili. Rannsóknina unnu Oddur Ingimarsson, læknanemi, Thor Aspelund, tölfræðingur, og Pálmi V. Jónsson, sérfræðingur í lyf- og öldrunarlækningum. Niðurstöðurnar voru birtar í Lækna- blaðinu.

## Greina þarf heilabilun á frumstigi

Það kom ekki á óvart að tæplega fjórir fimmtu hlutar þeirra sem voru vistaðir í hjúkrunarrými á þessu tímabili væri með heilabilun á einhverju stigi, því það er sama niðurstaða og fékkst úr eldri rannsókn á vistunarmatinu, segir í greininni.

„Læknar og þá sérstaklega heimilislæknar þurfa að vera vakandi fyrir minniskvörtunum skjólstæðinga sinna þar sem það er mjög mikilvægt að greina heilabilun á frumstigi,” segja sérfræðingarnir. „Yfir helmingur aldraðra í samfélaginu, sem eru með heilabilun, hefur ekki verið greindur með heilabilun af lækni, en þetta á helst við um aldraða með væga heilabilun. Mikilvægt er að greina tegund heilabilunar fljótt í sjúkdómsferlinu þar sem lyfjameðferð styður Alzheimersjúklinginn í að halda getu sinni lengur. Auk þess er líklegt að notkun lyfjanna minnki kostnað í heilbrigðiskerfinu, meðal annars með því að fresta varanlegri vistun í hjúkrunarrými um einhvern tíma.”

Bent er á að talið er að heilabilun af völdum Alzheimer sjúkdóms muni um það bil fjórfaldast á næstu 50 árum. Heilabilun virðist hrjá 5-8% þeirra sem eru 65 ára og eldri, 15-20% þeirra sem eru 75 ára og eldri og 25-30% þeirra sem eru eldri en 85 ára. Sýnt hafi verið fram á að heilabilun stytta lífslíkur fólks.



Fjórir af hverjum fimm vistmönnum á hjúkrunarheimilum eru með heilabilun af einhverju tagi.

## Konurnar lifa lengur

Könnunin leiddi í ljós að karlar lifðu skemur eftir því sem heilabilun var meiri við fyrsta vistunarmat. Almennt lifðu konur nokkuð lengur eftir fyrsta vistunarmat en karlar.

Af þessari niðurstöðu má álykta að konur „séu líkamlega hraustari þegar þær sækja fyrst um vistun á hjúkrunarheimili en karlar. Skýringin á því að konur sækja fyrr um er líklega sú að konum vantar stuðning til þess að geta verið lengur heima. Bæði lifa karlar skemur en konur og einnig eru þeir oftast eldri en eiginkonur þeirra og hafa því oftast stuðning eiginkonunnar heima. Til

*Hvert hjúkrunarrými  
kostar um fimm  
milljónir króna á ári.  
Vistmaðurinn greiðir  
allt að þriðjung  
kostnaðarins.*

að jafna þennan mun þyrftu konur í auknum mæli að finna sér yngri makal!”

Það kom á óvart að biðtími eftir hjúkrunarrými jókst hjá körlum eftir því sem heilabilun var meiri. „Eftir því sem heilabilun er meiri þá ætti þörf fyrir vistun að vera meiri og biðtími hlutfallslega styttri. Hjúkrunarheimilin ættu að taka til athugunar að auka forgang karla með mikla heilabilun því erfitt er að sinna mikið heilabiluðum einstaklingum heima. Jafnframt eru þessir einstaklingar oftast með hærri stig í öðrum þáttum vistunarmatsins sem ætti enn fremur að auka á forgang þeirra,” segja skýrsluhöfundar.

Meðallifun karla var 2.5 ár en kvenna 3.1 ár eftir að til vistunar kom. Fram kemur „að aldraðir eru í mestri hættu á því að deyja á fyrsta árinu eftir vistunarmat. Hlutfall karla sem voru enn á lífi þremur árum eftir vistunarmat er 30% en hlutfall kvenna er 46% og er munurinn marktækur.”

Konur eru tveir þriðju allra sem vistast og um tveimur árum eldri en karlar, liðlega 84 ára. Fimmti hluti karla og þriðjungur kvenna var enn í bið eftir úrræði ári eftir vistunarmat.

## Biðtími of langur

Í ritstjórnargrein í Lækna- blaðinu dregur Pálmi V. Jónsson enn frekari niðurstöður af þessari rannsókn. Þar leggur hann meðal annars áherslu á eftirfarandi:

- Heilabilun er umfangsmikið vandamál og drifkraftur til varanlegrar vistunar. Vistunarræði þurfa því að mæta þörfum heilabilaðra sérstaklega, en hinn flöturinn á teningnum er að þeir sem eru ekki með heilabilun hafa aðrar þarfir sem mæta þarf með öðrum hætti.
- Biðtími eftir varanlegri vistun er of langur þegar fólk er komið í mjög brýna þörf.
- Heildarkostnaður á hjúkrunarrými er um fimm milljónir króna á ári. Slík rými eru nú um tvö þúsund talsins þannig að heildarkostnaður er um tíu milljarðar á ári, en það svarar til um þriðjungs af framlagi ríkisins til LSH.
- Einstaklingur í hjúkrunarrými þarf sjálfur, eftir því sem lífeyrir leyfir, að greiða allt að þriðjung kostnaðarins.

## FÉLAGSLÍF



Sjúkraliðanemarnir að norðan við fundarborðið í húsakynnum Sjúkraliðafélags Íslands að Grensásvegi 16 í Reykjavík.

## Sjúkraliðanemar í heimsókn

Fríður flokkur sjúkraliðanema á Akureyri heimsótti nýverið skrifstofur Sjúkraliðafélags Íslands í höfuðborginni og kynnti sér starfsemi félagsins og kjör sjúkraliða.

„Það var okkur mikið ánægjuefni að fá þennan glæsilega hóp verðandi sjúkraliða í heimsókn til okkar,“ segir Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður félagsins. „Margrét Tómasdóttir, brautarstjóri sjúkraliðabrautar Verkmenntaskólans á Akureyri, óskaði eftir því að sjúkraliðanemarnir fengju að heimsækja okkur í þessari kynnisferð sinni. Við tókum því fagnandi og sögðum þeim frá sögu, verkefnum og starfsemi félagsins, auk þess sem hluti hópsins leigði íbúð félagsins við Fellsmúla meðan á dvölinni hér syðra stóð.“



Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélagsins, kynni starfsemiina.




Sjúkraliðanemar undir merki Sjúkraliðafélagsins. Margrét Tómasdóttir, brautarstjóri sjúkraliðabrautar Verkmenntaskólans á Akureyri, er fyrir miðju.



Hér eru nokkrir sjúkraliðanemanna frá Verkmenntaskólanum á Akureyri að kynna sér starfsemi Sjúkraliðafélags Íslands.





# Fyrstu 18.000 sætin á sérstöku tilboðsverði!

## Áfangastaður ársins!

### Lanzarote

Óviðjafnanleg lúxusótel á ævintýraeyju undan ströndum Afríku. 70% allra sæta þegar seld!

## Eitthvað fyrir alla á Costa Blanca

### Calpe

Fjölbreyttir gistingualeikar, fallegar strendur og hentugur áfangastaður fyrir alla fjölskylduna.

### Alicante

Hagkvæmt leiguflug tvisvar í viku í allt sumar.

### Albir

Falleg og fjölskylduvæn, í göngufæri við listamannabæinn Altea.

### Benidorm - La Cala

Líf og fjör, nótt og dag fyrir hresst fólk á öllum aldri.

Hagkvæmni í rekstri og áralöng reynsla af ferðaþjónustu gerir okkur kleift að bjóða fyrsta flokks ferðir í sólina á verði sem hefur ekki staðið Íslendingum til boða hingað til. Og þér er óhætt að bóka ferðina þína strax, því hún er nú þegar á réttu verði. Þú færð einfaldlega alltaf meira fyrir minna hjá Sumarferðum.

Skoðaðu þig um á vefnum okkar og við erum viss um að þú finnur einmitt ferðina sem hentar þér.

## Við viljum Viva!

### Mallorca

Gríj g&Vgrs g&Fulg  
Vuxu&unus &Vuxu&g xgt u

Viva-íbúðahótelin hafa fengið frábærar viðtökur enda sameina þau einstök gæði og hagstætt verð.



Mundu eftir  
MasterCard  
ferðaávísuninni

[www.sumarferdir.is](http://www.sumarferdir.is)  
575 1515 ► BÓKAÐU ALLAN SÓLARHRINGINN

**SUMAR  
FERÐIR**

